



Siðareglur blaðamanna

• Spjall um siðareglur

Þorsteinn Gylfason
metur Siðanefnd

• Hvar á markalínan að liggja? Elías Snæland metur stöðu tjáningarfrelsisins

Stríðsfréttaritari



- **Samantekt**
Innanhússreglur fjölmiðla loks á einum stað
- **Kjaramál**
Yfirlit yfir launabróun
- **Horft um öxl**
Rýnt í fjölmiðlasögu



EFNÍ BLAÐSINS



Siðareglur

- 4 Þorsteinn Gylfason:
Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna
- 10 Elías Snæland:
Tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífsins – Hvar á markalínan að liggja?
- 16 Páll Þórhallsson:
Fótunum kippt undan gulu pressunni?
- 18 Illugi Jökulsson:
Ritstjórnarstefna DV og siðareglur blaðamanna
- 20 Karl Blöndal og
Björn Vignir Sigurpálsson:
Siðareglur blaðamanna
- 21 Innanhúss- og vinnureglur á einstökum fjölmiðlum

Kjaramál

- 30 Saltið í grautinn
- 30 Kunnur stríðsfréttaritari til Íslands
- 31 Launaþróun

Horft um öxl

- 32 Sigurjón Jóhannesson:
Dagblöðin eru daglegt brauð

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent Stíll

Prentun: Ásprent Stíll

Forsíðumynd: foto.is

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
netfang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00–14.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Forsíðumyndin

Frá umtöluðum blaðamannafundi vegna líkfundarmálsins á Neskaupstað sl. vetur þar sem mörgum þótti blaðamenn ganga hart fram.

Ljósmynd: foto.is

Endurskoðun siðareglna?

Starf blaðamanna felur í sér túlkun og endursögn á fjölbreyttum atburðum og einkennum úr umhverfi okkar, sem getur skipt einstaklinga og samfélagið í heild mjög miklu máli. Að frásögnin og efnistökin séu unnin af vandvirkni, heiðarleika og nærgætni er því grundvallaratriði. Á hundr- aðasta afmælisári heimastjórnar þykir orðið við hæfi að vitna í Hannes Hafstein, og í þessu samhengi er við hæfi að rifja upp þýðingu hans á ljóði danska skáldsins Jens Peters Jacobsen:

*Þess bera menn sár um ævilöng ár,
sem aðeins var stundarlhlátur;
því brosa menn fram á bráðfleygri stund,
sem burt þvær ei ára grátur.
Drýpur sorg, drýpur hryggð af rauðum rósum.*

Óvarleg umfjöllun um málefni einstaklinga geta vissulega valdið sárum um ævilöng ár. Á slíku er m.a. tekið í siðareglum blaðamanna sem fyrst voru settar árið 1965. Í þeim reglum er að finna leiðbeiningar um ákveðinn siðferðisgrunn fyrir blaðamenn, sem Þorsteinn Gylfason kallar hér annars staðar í blaðinu tillitssemisreglu og vandvirknisreglu. Tillitssemisreglan krefst þess að menn séu ekki særðir eða vanvirtir að óþörfu, en vandvirknisreglan krefst þess að farið sé rétt með og að blaðamaðurinn sé heiðarlegur.

Siðferðilegar spurningar eru sífellt nálægar í starfi blaðamannsins og ef til vill má segja að þær tengist allar á endanum grundvallarreglum tveimur. Hins vegar getur verið snúið að vita hvar sannleikurinn liggur, eins og Pílatus benti á forðum. Í ólgusjó daglegrar framvindu, sem blönduð er fjölbreyttum sérhagsmunum, vefjum spunakónga og eignarhaldstengslum, getur það virst satt í dag er reynist lygi á morgun. Siðareglur Blaðamannafélagsins hafa verið vegvísir blaðamanna í þessu erfiða starfsumhverfi og til viðbótar siðareglunum sjálfum hafa einstakir fjölmiðlar sett sér bæði skráðar og óskráðar reglur að styðjast við í viðleitniinni við að halda uppi faglegum vinnubrögðum.

Í sibreytilegu samfélagi er viðbúið að siðareglur og vinnureglur þurfi endurskoðunar við. Jafnvel stöðugrar endurskoðunar. Þær reglur sem Blaðamannafélagið innleiddi á sínum tíma eru í öllum aðalatriðum óbreyttar enn í dag, næstum 40 árum eftir að þær komu fyrst fram. Segja má að þær hafi elst vel, m.a. vegna þess að þær eru almennar og í þeim er ákveðið svigrúm til túlkunar og tillits til breytts tíðaranda. Nánari útfærslu hefur þá gjarnan verið að finna í innanhússreglum miðlanna sjálfra. Nú hefur hins vegar ýmislegt gerst sem gerir spurninguna um endurskoðun háværa. Má þar nefna nýja ritstjórnarstefnu hjá DV og dóm Mannréttinda- dómstóls Evrópu í máli Karólínu prinsessu af Mónakó. Hvort tveggja yfir upp gamalkunnar spurningar varðandi friðhelgi einkalífsins og mynd- og nafnbirtingar. Í þessu tölublaði af Blaðamanninum verða siðareglur blaðamanna til umfjöllunar í viðsamhengi. Jafnframt er gerð tilraun til að safna saman þeim innanhússreglum sem í gildi eru á íslenskum fjölmiðlum. Brynt er að blaðamenn ræði þessi mál og velti fyrir sér hvort ástæða sé til að gripa til endurskoðunar á siðareglum, því hvort sem menn eru meðvitaðir um það í sínum daglegu störfum eða ekki, þá er hér um að ræða eitt grundvallaratriðið í daglegu vinnuumhverfi fjölmiðla- manna. Vonandi verður þetta eintak Blaðamannsins til að hjálpa mönnum við að móta sér skoðun í þessu mikilvæga máli.

Birgir Guðmundsson.

Stjórn BÍ:

Róbert Marshall, Stöð 2, formaður
Arna Schram, blaðamaður Mbl., varaformaður
Jóhann Hlíðar Harðarson, fréttam. Stöð 2/Bylgjan, ritari
Arndís Þorgeirsdóttir, blaðamaður DV, gjaldkeri
Björgvin Guðmundsson, blaðamaður Mbl.
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari DV
Haflíði Helgason, blaðamaður Fréttablaðinu

Varamenn:

Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is
Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður Fróða
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður Fréttablaðinu

Samningaráð:

Róbert Marshall, Stöð 2.
Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.
Jóhann Hlíðar Harðarson, Stöð 2.
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.
Varamenn:
Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir, Fróða.
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða
Hilmar Karlsson, varaform., DV
Lúðvík Geirsson, ritari
Varamaður:
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson
Varamaður:
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:
Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson

Dagblaðið/Vísir:
Arndís Þorgeirsdóttir

Stöð 2/Bylgjan:
Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hlíðar Harðarson

Fréttablaðið:
Kristján Hjálmarsson

Fróði:
Fríða Björnsdóttir

Heimur:
Anna Margrét Björnsson

Viðskiptablaðið:
Sigurður Már Jónsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri
Stefán P. Eggertsson, fulltrúi útgefenda
Hreinn Pálsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður
Jóhannes Tómasson blaðamaður
Þór Jónsson, blaðamaður

Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna

Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri 15. október 2003



Eftir
Þorstein Gylfason

§1 Siðanefnd blaðamanna

Blaðamannafélag Íslands setti sér siðareglur 1965 og hefur haft siðanefnd síðan. Hún fellir úrskurði í kærumálum eftir þessum reglum. Þá verður einhver, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, að hafa kært fjölmiðil fyrir meint brot á reglunum. Nefndin getur ekki tekið fjölmiðil til bæna að fyrra bragði. Það eru engin viðurlög við brotum á siðareglum blaðamanna, önnur en þau að frá 1980 hafa úrskurðir nefndarinnar verið birtir opinberlega. Fyrstu fimmtán árin voru þeir innanfélagsmál. Úrskurðirnir birtast í heilu lagi í *Blaðamanninum* og á síðustu árum á netinu. Oft segja aðrir fjölmiðlar frá niðurstöðum siðanefndar, að minnsta kosti í meiri háttar málum. Stundum kemur fyrir að úrskurður veldur opinberum skoðanaskiptum eða deilum. Blaðamannafélagið hefur einstaka sinnum efnt til opinberra funda (pressuvöldu) í tilefni af einstökum úrskurðum. Vinnureglur siðanefndar leyfa ekki að nefndarfolk taki þátt í slíkum umræðum. Um afstöðu nefndarinnar verður úrskurðurinn að duga.

Kærumál eru mismörg frá ári til árs. Á starfsárinu 2002-2003, sem var síðasta árið af tíu sem ég var formaður nefndarinnar, voru þau tíu. Það var vel yfir meðaltali frá þessum árum.¹

Starfshættir nefndarinnar hafa verið þeir að nefndin kallar fyrst eftir greinargerð frá hinum kærða. Hún fær síðan málsaðila og stundum aðra á fundi eftir því sem tilefni eru til. Þá semur einhver einn drög að úrskurði. Þetta gera nefndarmenn til skiptis. Loks leggst nefndin öll yfir drögin á fundi, ræðir þau og breytir þeim ef ástæða þykir til.

Síðustu tíu árin hafa allir úrskurðir verið einróma. Það hefur gerzt án þess að stefnt hafi verið að því. Samlyndið virðist vera afleiðing af því – mjög umhugsunarverð sem slík – að allir leggja sig fram um að komast að sanngjarnri niðurstöðu, og hver maður og kona kann að taka jafnvel óvæntum rökum hvaðan sem þau koma. Af einhverjum ástæðum er forðumaleysi meira í siðanefnd blaðamanna en á öllum öðrum vettvangi sem ég hef kynnt.² Það hefur mér þótt eftirtektarvert.

§2 Codex ethicus

Áður en Blaðamannafélagið setti sér siðareglur, eftir ýmsum fordæmum frá Norðurlöndum, höfðu aðrar starfsgreinar á Íslandi gripið til sama ráðs: fyrst lækna árið 1915, verkfræðingar 1955 og lögmenn árið 1960. Reglur bæði lækna og lögmanna bera latneskt heiti sem er alþjóðanafn á fyrirbærinu: „codex ethicus“. Þess má

geta að elzti codex ethicus sem sögur fara af er ættaður úr Grikklandi í fornöld: það er Hippókratesareiðurinn sem geymir siðareglur lækna af skóla Hippókratesar. Hippókrates var upphafsmaður vísindalegrar læknislistar á Vesturlöndum fyrir meira en 2500 árum.

Margir ganga að því vísu að í heitinu „codex ethicus“ – eða í íslenska orðinu „siðareglur“ – felist efnisleg tilvísun til siðferðis. Það er að segja að reglurnar sem um er að ræða séu *siðferðilegar reglur* í einhverjum ströngum skilningi þeirra orða. Siðaboð. Þeir sem halda þetta geta þá hnotið um að í siðareglum starfsstétta eru oftast einhver ákvæði um stéttvísi. Þeir hnjóta vegna þess að svoleiðis ákvæði geta hæglega virzt vera ósiðleg. Til dæmis sýnist ýmsum svonefnd samtrygging lækna vera spilling, og ganga gegn hagsmunum sjúklinga og almennings. Og ósiðlegar reglur geta naumast heitið siðareglur.

Þetta held ég að *kunni að vera* mis-skilningur. Siðareglurnar sem um er að ræða þurfa ekki að heita „codex ethicus“ vegna þess að þær kveði á um eiginlegt siðferði, þótt þær geri það að vísu ævinlega öðrum þræði. „Codex“ merkir löggjöf. Siðareglurnar kynnu að heita „codex ethicus“ vegna þess eins að þær eru *ekki* löggjöf. Þær eru reglur sem viðkomandi starfsgrein *setur sér sjálf*, um siðferði sitt, mannasíði, hagsmuni og hvaðeina.³ Við tölum reyndar stundum um „siðferðilega skyldu“ til þess eins að ljóst sé að skyldan sem um er að

1 Á starfsárinu 2001-2002 afgreiddi nefndin 5 mál á 13 fundum. Sá málafljöldi var nærri meðallagi sjö ára þar á undan. Á árunum 1992-1994 var málafljöldinn hins vegar 13, 12 og 10. Sjá Skýrslu til aðalfundar BÍ 28da apríl 2003.

2 Sbr. Skýrslu til aðalfundar BÍ 28da apríl 2003.

3 Að því leyti eru þær eins og reglur.

ræða sé ekki lagaleg skylda. En skylda samt, eftir einhverjum óskráðum reglum. Og þær reglur þurfa ekki að koma eiginlegu siðferði við. Frekar en til dæmis reglur sem húsmóðir á heimili setur heimilisfólkinu um smátt og stórt. Sumar varða hreinlæti, hávaða og heimkomutíma sem koma siðferði lítið við. En aðrar eru kannski að ekki megi rífa í hárið á litlu systur né kenna öðrum um það sem maður hefur sjálfur gert. Þær eru siðferðilegar reglur.

Kjarni málsins um hvern einasta codex ethicus er eftir þessu að hann er ekki löggjöf.⁴ Og siðanefndir eru ekki dómstólar.

§3 Siðferðilegar reglur og aðrar reglur

Muninn á siðferðilegum reglum og öðrum reglum má sjá af dæmi úr Hippókratesareidnum. Þar segir „[Ég mun] ennfremur engri konu fá lyf til fóstureyðingar.“⁵ Þetta hefur oftast verið skilið sem siðferðilegt bann á siðferðilegum forsendum: fóstureyðing sé óleyfilegt manndráp. Eins er það siðferðilegt ákvæði í gríska eiddstafnum sem býður lækni að forðast það við sjúklinga sína, með öðrum orðum „kynferðislega áreitni“ sem við köllum svo og höfum nokkuð hátt um upp á siðkastið. Þetta eru hvortveggja siðferðileg ákvæði vegna þess meðal annars að þau lúta að meini sem öðrum er gert og að misnotkun valds.

En sumir lærðir menn í lækningasögu fornaldar hafa haldið því fram að hér sé á ferðinni rammur misskilningur á ákvæðinu um fóstureyðingar hjá Hippókratesi. Eiðurinn banni læknum ekki að stuðla að fóstureyðingum vegna þess að það sé talið eitthvað athugavert við þær, heldur vegna þess að þær séu að réttu lagi ekki verk lækna heldur ljósmæðra.⁶

Ef þetta er rétt kemur ákvæðið engu siðferði við. Það fjallar bara um verkaskiptingunni.

§4 Sjálfstæðar siðanefndir

Sums staðar í veröldinni er það mikið baráttumál fjölmiðla að þeir fái sjálfir að setja sér siðareglur og framfylgja þeim, fremur en að sett sé löggjöf um fjölmiðlun – sem mörgum virðist hljóta að ógna ritfrelsinu – og komið á laggirnar opinberum eftirlitsstofnunum sem yrðu ritskoðun og ekkert annað. Á sænsku heitir sjálfstæð siðanefnd eftir þessari forskrift „pressens opinionsnämnd“ og á dönsku „pressenævn“. Algengasta enska heitið á svona stofnun er „press council“ – pressurád – og stundum „independent press council“ eða „voluntary press council“ ef menn kjósa að leggja áherzlu á sjálfstæðið.

Sænska siðanefndin er elzt allra svona nefnda í veröldinni, og var sett á laggirnar 1916. Hún fjallar núna einungis um kærur á hendur blöðum og tímaritum. Um kærur á hendur ljósvakamiðlum er fjallað af sérstakri nefnd í Svíþjóð. Auk þess hafa Svíar embættismann sem heitir umboðsmaður fjölmiðla. Hann sinnir eftirliti eftir ströngum reglum – hann er ekki ritskoðari – og getur kært til siðanefndanna þótt beinir aðilar máls láti það ógert.

Brezka siðanefndin (Press Complaints Commission) sem nú starfar var stofnuð 1991. Hún er arftaki eldri nefndar (Press Council). Eins og allir vita eru sum blöð á Bretlandi aðgangsharðari og umdeildari en flest önnur á byggðu bóli. Pressuráðið (Press Council) lagðist af, að sagt er, vegna þess að það þótti ekki ráða við neitt og vera rúið öllu trausti. Þá vildu ýmsir Bretar, þar á meðal margir stjórnmálamenn, setja lög um blöð og blaðamennsku. En blöðin fengu eitt tækifæri enn til að sinna sjálf siðum sínum. Úr varð Press Complaints Commission, núverandi siðanefnd. Hún virðist vera talin hafa staðið sig vel, einkum eftir að Wakeham lávarður, sem var áður þingmaður og um skeið ráðherra í stjórn Margrétar Thatcher, tók við formennskunni. Hann hefur nú

látið af henni.

Wakeham beitti sér fyrir samvinnu allra sjálfstæðra siðanefnda í Evrópu, meðal annars til að hvetja til dáða blaðamenn og útgefendur í þeim ríkjum sem hafa ekki enn slíkar nefndir. Í þeim hópi voru til skamms tíma vel flest ríki Austur-Evrópu, og Frakkland líka af einhverjum ástæðum. Og loks Írland, með þeim afleiðingum meðal annarra, að því er Írar segja, að írsk blöð hafa búið við mikla plágu meidryðamála, eins og íslenzk blöð framan af 20stu öld. Þess má geta að eini fræðimaðurinn sem hefur rannsakað og skrifað um sjálfstæðar siðanefndir fjölmiðla er franskur: Claude-Jean Bertrand, prófessor í Svartaskóla (Sorbonne). Hann hefur samið ágæta bók um þær, og tekur mikinn þátt í baráttunni fyrir sjálfstæðum siðareglum og siðanefndum víða um heim.

Samvinnunni fylgja skipti á upplýsingum, sameiginleg heimasíða og reglulegir samráðsfundir. En ekkert skrifstofuhald og engin miðstjórn. Málstaður þessara lauslegu Samtaka sjálfstæðra evrópskra siðanefnda (Alliance of Independent European Press Councils) er einkum sá að það sé hlutverk blaðamanna og útgefenda, en ekki ríkisvaldsins, að setja fjölmiðlum siðareglur og framfylgja þessum reglum. Jafnframt er því haldið fram að reglurnar hljóti að vera breytilegar frá einu landi til annars, og fráleitt sé að setja á stofn samevrópska og hvað þá alþjóðlega siðanefnd.

§5 Tillitssemisregla og vandvirknisregla

Siðareglur íslenskra blaðamanna skiptast í sex greinar. En það eru eftir minni reynslu ekki nema tvö ákvæði í þeim sem gripið er til aftur og aftur og aftur. Þau standa saman í 3ðju grein, með viðaukum í 2arri, 4ðu og 5tu grein. Orðalagið skiptir ekki meginmáli. Köllum annað ákvæðið vandvirknisregluna og hitt tillitssemisreglu.

4 Auðvitað kemur það fyrir að ákvæði úr siðareglum starfsgreina séu líka felld í lög, til dæmis í heilbrigðislöggjöfina. En við þurfum ekki að fara út í það.

5 Sigurður Kristinnsson: *Siðareglur: Greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum starfsgreina á Íslandi*, Rannsóknastofnun í Siðfræði og Háskólaútgáfan, Reykjavík 1991, 119-120.

6 Hjördis Hákonardóttir: „Eru fóstureyðingar réttlætunarlegar“ í *Tímariti lögræðinga* 3, nóvember 1973, 17-18. Hjördis vísar á bækur eftir L. Edelstein og Noel Poynter um Hippókratesareidinn.

una. Vandvirkisreglan krefst þess að blaðamaður skýri rétt frá, afli upplýsinga samvirkusamlega, virði heimildir sínar og haldi trúnað við heimildarmenn. Tillitssemisreglan krefst þess að einstaklingar eða hópar fólks séu ekki særðir eða vanvirtir að tilefnislausu í fjölmiðlum.

Tillitssemisreglan er að sjálfsögðu siðferðileg regla. En hvað um vandvirkisregluna? Það er hæpið að telja vandvirkni vera *siðferðilega* dygd. Enginn maður er illmenni þótt hann vandi sig ekki við neitt sem gerir. En maður sem veldur saklausu fólki sársauka og vanvirðu vitandi vits er illmenni, og þarf ekki að gera mikið af því til að svo sé.

En það er önnur hlið á vandvirkninni í blaðamennsku. Vandvirkisreglan býður blaðamanni að fara rétt með – að segja satt – og sannsögli er siðferðileg dygd. Sannsögli er réttlæti, í orðum frekar en í athöfnum. (Orðið „heiðarleiki“ er reyndar haft jöfnum höndum um sannsögli og um réttssýni í viðskiptum.) Vandvirkisreglan er því öðrum þræði réttlætisregla, og að því leyti siðferðisregla.

§6 Tveir úrskurðir um tillitsleysi og óvandvirkni

Nú skulum við taka dæmi af tveimur úrskurðum þar sem þessar reglur koma við sögu. Ég vel þá tvo vegna þess að ýmsar kringumstæður, þar á meðal ólík viðbrögð fjölmiðlanna sem hlut áttu að máli, gera þá fróðlega. Þeir veita líka svolitla hugmynd um vinnubrögð nefndarinnar. Bara svolitla.

Fyrri dæmið er ekki nema angi af miklu máli um barnavernd.⁷ Þar hafði Barnaverndarráð Íslands kært bæði Bylgjuna og DV. Þetta gerðist í upphafi töliverðra tíðinda í íslenskri fjölmiðlun. Hingað hafði borizt það nýmæli sem við köllum nú spjallrásir. Það var gamalkunnugt í Bandaríkjunum. Á spjallrásum hringir fólk utan úr bæ inn í beina útsendingu útvarpsstöðvar og lætur ljós sitt skína með ýmsum hætti.

Nú gerðist það í Reykjavík, í tilefni af

miklum fréttáflutningi af ýmsum barnaverndarmálum, að einhver hringdi í spjallrás og kvartaði yfir nágrönnum sínum í fjölbýlishúsi. Brátt tóku símalínurnar að loga í þættinum, og fjölmargir íbúar í blokkinni, og jafnvel í næstu blokkum minnir mig, reyndust hafa sitt að segja um fjölskylduna sem fyrsti spjallarinn hafði kvartað yfir, einkahagi hennar og einkalíf. Þetta var mjög umkomulaus fjölskylda. En húsmóðirin hafði bein í nefinu til að standa fyrir máli sínu á fundi siðanefndar af röggsemi og stolti.

Þessi angi málsins var ekki flókinn í kjarna sínum. Þátturinn var hneyksli hvernig sem á var litið. En það voru ýmsar hliðar á málinu. Ein var að meta ábyrgð blaðamannsins – spjallrásarstjórans – á hneykslinu. Hann níddi engan niður. Hann hlustaði á slúður og nið og leyfði öðrum að hlusta með sér. Önnur hlið á málinu var öll þessi nýja tegund fjölmiðlunar þar sem enginn talar undir fullu nafni og kennitölu. Siðanefnd kaus meðal annars, af þessu tilefni og öðrum í sömu lotu, að setja sig rækilega inn í tæknihlöðina á slíkum útsendingum, og þá einkum inn í tæknilaga kosti á því að stöðva útsendingu þegar eitthvað fer úr böndunum. Hún þingaði með forsvarsmönnum útvarpsstöðva. Það bar nokkurn árangur í kyrrþey. Ég veit ekki til að atvik af þessu tæi hafi orðið á spjallrásum eftir að þetta gerðist. Vissulega hefur ekkert svona brot verið kært til siðanefndar síðan.

Þáttarstjórnandinn brást við heildarúrskurðinum í kærumálinu með því að verja næsta þætti sínum til að lesa úrskurðinn í heilu lagi, og biðjast afsökunar á yfirsjónum sínum.

Í þessu máli var það að sjálfsögðu tillitssemisákvæðið sem reyndi á. Hér var saklausu fólki, og jafnframt fólki sem átti um afar sárt að binda, bakadur óþarfa sársauki og vanvirða. Hitt málið sem ég ætlaði að nefna varðar brot á einu sérákvæði um vandvirkni blaðamanna. Þetta er sérákvæði um hagsmunaaðgreiningu, til dæmis þann að blaðamaður flytji fréttir af eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunaa-

samtökum sem hann á sjálfur aðild að (upphaf 5tu greinar). Málið er niu árum yngra en hitt. Þar sjáum við meðal annars dæmi þess – sem er alls ekki algengt þótt það komi fyrir – að fréttastofa sé skeytingarlaus um bæði síðareglur og siðanefnd, alveg öfugt við það sem var um spjallrásarstjórnann. Þess ber að geta að í öðrum málum frá síðustu tveimur árum hefur sama fréttastofa brugðizt allt öðruvísi við. Hún hljóp á sig einu sinni.

Það var félagið Ísland-Palestína sem kærði fréttastofu Sjónvarps fyrir fjóra fréttapistla Ólafs Sigurðssonar, en hann hafði víðað að sér efni í þá á ferð um Ísrael og Palestínu í boði Ísraelsstjórnar.⁸ Ég ætla ekki að rekja efni þessa máls frekar. Af úrskurðinum sést að hér varð nefndin að skoða pistla Ólafs vandlega, og meta bæði efni þeirra og framsetningu, einkum með tilliti til þess hvort þættirnir gætu talizt hlutdrægir eins og Ísland-Palestína hélt fram.

Þess má geta að drjúgur hluti af starfi siðanefndar fer í það, ár eftir ár, að fara eins vandlega og kostur er í vinnubrögð blaðamanna bæði við heimildaöflun, meðferð heimilda og framsetningu. Haustið 2002 þurfti nefndin til dæmis að rannsaka flókna fjármálasögu úr Keflavík til að ganga úr skugga um hvort blaðamaður sem sagði part af þessari sögu hefði vandað sig nógu vel. Í því máli var blaðamaðurinn sýknaður, en ritstjóri hans sakfelldur fyrir villandi fyrisögn.⁹

Niðurstaðan í Palestínumálinu var að Ólafur Sigurðsson hefði ekki brotið síðareglur, meðal annars á þeim forsendum að málflytningur talsmanna Ísraelsstjórnar, sem var tímafrekur í þáttunum, hafi ekki endilega þjónað málstað þeirra. Eins og oft vill verða um áróður sem betur fer. Stundum er það hlutleysisbrott gagnvart manni að leyfa honum að rausa. Ég nefni þetta vegna þess að það er dæmi um að oft er býsna viðkvæmt mál að meta hvað er hlutdrægt og hvað ekki.

Hins vegar var fréttastofa Sjónvarps talin alvarlega sek um brot á fimmtu greininni um að varast skuli

7 Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands Mál 2/1992.

8 Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands Mál 1/2001-2002.

9 Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands Mál 1/2002-2003.



Félagið Ísland-Palestína kærði fréttastofu Sjónvarps fyrir fjóra fréttapistla Ólafs Sigurðssonar, en hann hafði viðað að sér efni í þá á ferð um Ísrael og Palestínu í boði Ísraelsstjórnar. Þorsteinn gerir þessa kæru að umtalsefni í grein sinni. Myndin er frá Palestínu.

hagsmunaaðgreining. Fréttastofan hafði, eftir gögnum málsins, ekki einu sinni leitt hugann að því, á neinu stigi, að hér væri hugsanlega háski á ferðum sem kynni að kalla til dæmis á sérstakar ráðstafanir til mótvægis ef boðsferðin væri þegin og pistlumum sjónvarpað.

Þessi úrskurður varð tilefni „pressukvölds“, félagsfundar í Bláðamannafélaginu sem var opin almenningi. Þar var rætt um boðsferðir og aðra hagsmunaaðgreiningu.

§7 Þarf að breyta reglunum?

Siðareglur blaðamanna hafa ekki breytt mikið frá 1965. Kjarni þeirra er alveg óbreyttur. En stundum heyrir að mál sé komið að endurskoða þær. Sigurður Kristinsson, sem skrifaði fyrir tólf

árum þarfa bók um siðareglur starfsgreina á Íslandi, finnur þar eitt og annað að þeim. Til dæmis fer stéttvisisákvæðið í fyrstu grein, eins og sambærileg ákvæði hjá tannlæknum, dýralæknum og verkfræðingum, í taugarnar á honum.¹⁰ Það stafar kannski af því að hann vilji líta á reglurnar sem siðferðisreglur í ströngum skilningi. Það held ég að kunni að vera misskilningur eins og ég hef sagt.

Sigurður finnur líka að röð efnisatriða í reglunum. Þar held ég hann hafi mestan part á réttu að standa, og jafnvel þótt hann hefði gengið lengra en hann gerir. Hér er dæmi sem Sigurður nefnir ekki. Nú standa ákvæði um mútur og um hagsmunaaðgreiningu í tveimur greinum (4ðu og 5tu) sem hvor um sig fjalla svo að öðru leyti um allt önnur efni. Auðvitað væri eðlilegt

að þessi ákvæði stæðu saman í grein.

En órökvisleg efnisskipan hefur aldrei ruglað neinn í ríminu svo að ég viti til. Hún pirrar mann stundum. Svo má spyrja hvort ekki sé neyðarlegt að blaðamenn, sem hafa atvinnu af ritstörfum, skuli ekki hafa gert þetta plagg snyrtilegar úr garði. Jú, kannski er það neyðarlegt. En líka svolítið heimilislegt.

Loks finnur Sigurður að því að siðareglurnar tilgreini „ekki nógu rækilega í hverju þjónusta blaðamanna við lesendur sé fólgin“.¹¹ Um þetta mætti ugglauast ræða lengi. Ein andmæli við Sigurði gætu verið þau að okkur mundi flestum finnast fátíðlegt að setja á blað einhverjar reglur um hlutverk rithöfunda yfirleitt. Hvers vegna þá um hlutverk blaðamanna?

10 Sigurður Kristinsson: *Siðareglur: Greining á siðareglum ásamt skræðum siðareglum starfsgreina á Íslandi*, 51. Sjá um framhaldið 51-54 hjá Sigurði.

11 Sama rit, 54.

En það er að ýmsu öðru að gæta um endurskoðun siðareglna handa fjölmiðlum.

§8 Friðhelgi einkalífs

Íslenzkir fjölmiðlar fylgja mörgum óskráðum reglum sem engum hefur dottið í hug að fella inn í hinar skráðu siðareglur. Siðanefnd tekur oft tillit til þeirra í úrskurðum sínum þótt hún kyngi þeim ekki endilega alltaf gagnrýnislaust.

Skýrasta dæmið um slíkar reglur eru reglur um friðhelgi einkalífs. Til dæmis er óheyrt á Íslandi að fjölmiðlar fjalli um hjúskaparbrot eða drykkjuskap fólks sem er að öðru leyti mjög opinberar persónur. Tökum eftir að samt er mjög hæpið að halda því fram að það sé einkamál ráðherra, alþingismanns eða bæjarstjóra, og komi engum öðrum við, hvort hann er til dæmis drykkjusjúklingur eða ekki.

Á síðustu árum hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi einhvers konar einkalífsblaðamennska, oft í formi játningaviðtala eða játningaskrifa þar sem karlar og konur leggja sjálf sín leyndustu spil á borðið. Hér höfum við eitt dæmið um hvað fjölmiðlun er síbreytilegur heimur. Og hér eru bersýnilega ýmsar hættur við hvert fótímal.

Friðhelgi einkalífs kynni að vera svið þar sem þörf verður á viðbót við siðareglur áður en langt um líður. Þá verður meðal annars að huga að nýfrægum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá sumrinu 2004 í máli Karólínu prinsessu af Mónakó gegn þýzkum blöðum.¹²

En ugglaut væri betra ef óskráðar reglur dygðu.

§9 Kynþáttafordómar

Blaðamannafélagið hefur fengið áskoranir, til dæmis frá Miðstöð nýbúa í Reykjavík, um að tekin sé upp í siðareglurnar sérstök ákvæði um kynþáttafordóma í fjölmiðlum. Er þá

vitnað til þess að í mörgum siðareglum blaðamanna með öðrum þjóðum í kringum okkur eru slík ákvæði, til dæmis um fréttir af sakamálum. Sums staðar banna siðareglur að tekið sé fram um meintan sakamann af hvaða kynþætti hann er.



(Í *Degi* var stundum tekið fram um slíka menn hér áður fyrr að þeir væru utanbæjarmenn.)

Nú taka siðareglurnar – eins og þær eru – til brota af því tæi sem útlendu reglurnar um kynþáttafordóma fjalla um. Siðanefnd hefur raunar fellt ýmsa úrskurði um slík efni árum saman, og suma viðamikla. Starfsárið 2002-2003 voru þeir tveir af tíu úrskurðum. Kynþáttafordómar varða að sjálfsögðu við það ákvæði 4ðu greinar að blaðamaður forðist allt sem valdið getur saklausu fólki óþarfa sársauka eða vanvirðu: Tillitssemisregluna.

Eftir 6tu grein getur hver sem telst hafa hagsmuna að gæta kært brot af þessu tæi. Þar á meðal Miðstöð nýbúa. Siðanefnd hefur meira að segja tekið gilda kærnu þar sem kær-andinn – íslensk kona af evrópskum ættum – taldi að kynþáttafordómar um innflytjendur úr Asíu í blaði gengju

gegn hagsmunum sínum sem Íslendingi.

Reglurnar eins og þær eru hafa dugað til að fella úrskurði í öllum þessum málum, alveg vandræðalaust, og engir málsvarar nýbúa, né annað áhugafolk um mannréttindi, hefur enn séð ástæðu til að gagnrýna þá.

Við þetta bætist að siðareglur íslenzkra blaðamanna eru almennar reglur, en ekki nákvæm fyrirmæli. Siðareglur annarra þjóða eru miklu ítarlegri en íslenzku reglurnar. Dönsku siðareglurnar standa í vænum bæklingi. Íslenzku reglurnar rúmast á einni síðu. Þau einkenni á íslenzku reglum að þær eru stuttar og almennar virðast mér hafa gefizt vel. Þau gefa siðanefnd færi á að bregðast með ferskum hætti við nýjum aðstæðum, og taka tillit til margvíslegra óskráðra reglna á fjölmiðlum og í samfélaginu sem oft breyta miklu um eðli máls.

Í ljósi alls þessa er, að ég held, rétt að setja ekki nákvæmari reglur á einhverjum tilteknum sviðum nema til þess séu áþreifanleg rök. Ef einhver leiddi í ljós að kynþáttafordóma gæti í fréttaflutningi íslenzkra fjölmiðla, og að siðareglurnar eins og þær eru nái ekki ekki yfir þá, væri hins vegar sjálf-gert að breyta reglum.

§10 Siðlæti, óþverri og vitleysa

Ég tel mér trú um að íslenzkir fjölmiðlar – íslenzkir blaðamenn – séu tiltölulega vandir að virðingu sinni í þeim efnum sem varða við siðareglur blaðamanna. Ég hef hins vegar ekki hugmynd um hvort störf siðanefndar í næstum fjórutiu ár hafa stuðlað að því.

En þótt við gefum íslenzkum fjölmiðlum sæmilega einkunn fyrir virðingu við siðareglur blaðamanna, skyldi enginn halda að þeir eigi þar með skilda sæmilega einkunn yfirleitt. Það má alls ekki gleymast að siðareglur blaðamanna taka bara til lítils þáttar í öllu starfi fjölmiðla. Siða-

12 Sjá greinargerð Páls Þórhallsóssonar lögfræðings fyrir dómnum í *Morgunblaðinu* 18da júlí 2004.

reglurnar taka ekki til efnisvals, fréttamats (og þar með æsifréttamennsku), ritstjórnar á aðsendu efni í blöðum, gæða fréttaskýringa, skoðanamyndunar leiðarahöfunda, gagnrýni – og mætti nú lengi telja. Á öllum þessum sviðum er pottur víða brotinn hjá íslenskum fjölmiðlum. Og fjölmiðlum annarra þjóða líka. En vitaskuld er oft ekki við fjölmiðlana að sakast, heldur við menningu eða ómenningu í löndum þeirra.

Heimurinn er til dæmis – sem endranær – fullur af óþverra sem fjöl-

miðlar komast ekki hjá að fjalla um: stríði, fátækt og spillingu. Og oftar en ekki bregðast fjölmiðlarnir við óþverranum með tómri vitleysu. Þess vegna ætla ég að enda á nafnlausu kvæði eftir Sigfús Daðason, úr síðustu ljóðabók hans Og hugleiða steina sem kom út að honum látnum fyrir sex árum.¹³

Í blöðunum okkar

sem við lesum daglega

er nú varla nema um tvennt að velja:

vitleysu eða óþverra.

Brátt rennur upp nýtt árpúsund

– Að líkindum hið síðasta.

Óþverrinn hrannast upp hvarvetna.

Við því mun og þurfa að búast

að vitleysan ómenguð

nái þá fullum undirtökum

á blöðunum okkar

sem við hljótum að sönnu

að halda áfram að lesa

ótraud hvern dag

sem Guð kann

að hafa ætlað þeim aldur.

13 Sigfús Daðason: *Og hugleiða steina*, Forlagið, Reykjavík 1997, 31.

Vinnureglur Siðanefndar

Í Siðanefnd Blaðamannafélagsins eiga sæti 5 fulltrúar, þrjú kjörnir á aðalfundi BÍ ár hvert, einn tilnefndur af útgefendum og einn tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskólans. Í nefndinni eiga nú sæti:

Kristinn Hallgrímsson lögm, form.

Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.

Sigurveig Jónsdóttir fyrrum fréttastjóri

Örn Valdimarsson fulltrúi útgefenda

Hreinn Pálsson fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Guðjón Arngrímsson blaðamaður

Jóhannes Tómasson blaðamaður

Valgerður Jóhannsdóttir fréttamaður

Aðsetur Siðanefndar er á skrifstofu BÍ og öll erindi til nefndarinnar skulu send þangað.

Vinnureglur Siðanefndar

1. Hlutverk Siðanefndar er að úrskurða um kærur sem henni berast um brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands eins og þær eru á hverjum tíma.
2. Siðanefnd skal halda gjörðabók.
3. Kærur til Siðanefndar skulu vera skriflegar og berast skrifstofu Blaðamannafélags Íslands. Kæruefni skal vera afmarkað með augljósum hætti. Ljósrit af kærðri blaðagrein eða effirrit kærðs efnis í útvarpi og sjónvarpi skal fylgja kærur.
4. Skrifstofa Blaðamannafélags Íslands sendir afrit kærur og meðfylgjandi gagna til allra siðanefndarmanna og afrit kærunnar til þess blaðamanns eða fjölmiðils sem kærður er.
5. Siðanefnd tekur mál fyrir í þeirri röð sem þau berast. Ef mál berast samtímis ræður dagsetning.
6. Siðanefnd kannar hvort einhver nefndarmanna sé van-

hæfur að fjalla um kærumálið vegna tengsla við kæranda eða kærða. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

7. Við upphaf málsmeðferðar kannar Siðanefnd hvort þeim kröfum, sem siðareglur gera til kæranda, hafi verið fullnægt. Sé svo ekki skal kærur vísað frá og kæranda skýrt skriflega frá orsökum frávisunar.
8. Siðanefnd skal bjóða báðum aðilum máls að skýra mál sitt á fundum nefndarinnar. Hún skal einnig óska eftir skriflegri greinargerð beggja aðilja.
9. Siðanefnd ákveður hverjir aðrir skulu koma fyrir nefndina, og hvaða viðbótargagna skuli aflað.
10. Kæranda er heimilt að draga kærur sína til baka hvenær sem er áður en Siðanefnd hefur undirritað úrskurð sinn.
11. Siðanefnd kveður upp rökstuddan, skriflegan úrskurð. Þegar um er að ræða brot á siðareglum skal viðkomandi grein tilgreind.
12. Siðanefnd ritar fullskipuð undir úrskurði. Sératkvæði skulu birt með úrskurði meirihlutans.
13. Siðanefnd nafngreinir ekki í úrskurði sínum kæranda eða aðra aðila máls sem eiga um sárt að binda ef hún telur að nafnbirting valdi þeim auknum sársauka.
14. Siðanefnd úrskurðar í kærumálum eftir ákvæðum siðareglna eins og þær eru á hverjum tíma og hefur eftir því sem við á hliðsjón af fordæmum í eldri úrskurðum.
15. Siðanefnd fer með gögn mála, önnur en kærur og úrskurð nefndarinnar, sem trúnaðarmál og fjallar ekki um einstök mál opinberlega.
16. Sé óafgreiddu kærumáli fyrir Siðanefnd skotið til dómstóls, vísar nefndin málinu samstundis frá, á hvaða stigi sem málið kann að vera innan Siðanefndar.

Tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífsins:

Hvar á markalínan að liggja?



Eftir
Elías Snæland
Jónsson

Athyglisverðar breytingar hafa átt sér stað í fjölmiðlun hér á landi og í Evrópu að undanfögnu. Markalínan sem liggur á milli tjáningarfrelsis fjölmiðla og réttar einstaklingsins til friðhelgi einkalífs hefur verið að færast dálítið til.

Að vissu leyti hefur þróunin hér heima farið í nokkuð aðra átt en úti í Evrópu. Það er einkum vegna þess að hið endurreista DV tók upp þá stefnu, fyrst íslenskra fjölmiðla, að eðlilegt sé að birta nöfn og myndir allra þeirra sem um er fjallað í fréttum blaðsins. Þetta hefur ekki gengið átakalaust fyrir sig; margir hafa gagnrynt DV harðlega og blaðið hefur þegar fengið á sig einn úrskurð síðanefndar Bláðamannafélags Íslands um alvarlegt brot á sameiginlegum síðareglum blaðamanna.

Úti í Evrópu hefur markalínan verið að færast friðhelgi einkalífsins í hag, að minnsta kosti fyrir þá sem eru frægir og ríkir en gegna engu opinberu embætti. Í Bretlandi hefur Mannréttindasáttmáli Evrópu, og lög sem á honum byggja, haft veruleg áhrif á afstöðu enskra dómstóla til kærumála fræga fólksins vegna birtingar mynda af einkalífi viðkomandi einstaklinga. Reyndar spá sumir skriðu slíkra mála þar í landi á næstu misserum vegna þess að Mann-

réttindadómstóll Evrópu kvað upp í sumar dóm sem kenndur er við Karólínu prinsessu af Mónakó, en þar er gengið mun lengra en áður í þá átt að vernda sumt frægt fólk fyrir myndatökum og myndbirtingum í fjölmiðlum.

Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur verið festur í lög í mörgum Evrópuríkjum, þar á meðal á Íslandi, og innlendum lögum breytt í samræmi við ákvæði sáttmálans. Áhrifin á vinnubrögð fjölmiðla hafa hins vegar verið misjöfn eftir löndum, en upp á síðkastið þó líklega mest í Bretlandi.

Það er fyrst og fremst frægt og ríkt fólk sem hefur leitað til dómstóla í Bretlandi vegna myndbirtinga. Þekktust eru málaferli sýningarstúlkunnar Naomi Campbell. Þau stóðu í nokkur misseri og enduðu með merkilegum Salómons dómi þar sem birting á nafni hennar í frétt um að hún væri í meðferð vegna fíkniefnaneyslu var talin réttlætunleg í ljósi þess að hún hafði áður logið að fjölmiðlum um fíkn sína, en birting á mynd með fréttinni af Naomi að koma út af fundi AA-samtakanna var talin brot á rétti hennar til einkalífs.

Í þessum dómi er í fyrsta lagi greint á milli nafnbirtingar og myndbirtingar (annað var í lagi en hitt ekki), og í öðru lagi mörkuð sú lína að það skipti máli fyrir rétt fjölmiðils til að birta mynd í hvaða samhengi myndin er tekin. Þannig hefði breska blaðið vafalaust ekki verið dæmt fyrir að nota með fréttinni mynd úr safni af Naomi, til dæmis við sýningarstörf. Myndbirtingin var talin brot á friðhelgi einkalífs Naomi vegna þess hvar myndin var tekin, það er fyrir framan bækistöðvar AA-samtak-

anna, og hvernig myndin var tekin, það er með leynd. Þó tók dómstóllinn sérstaklega fram í úrskurði sínum að það væri eitt og sér ekki enn sem komið er nægileg forsenda til að banna birtingu myndar að hún væri tekin með leynd.

Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu, og bresku laganna sem á honum byggja, hafa leitt til þess að ýmsar „stjörnur“ í skemmtanaheiminum hafa farið í mál við bresk dagblöð og haft betur. Það hefur nú þegar haft nokkur áhrif á ákvarðanir breskra ritstjóra, sérstaklega um birtingu mynda þar sem fræga fólk er með börnum sínum. Því er spáð að áhrifin muni aukast verulega á næstu árum þegar reiknað er með að dómstólar fari að hækka verulega miska- og/eða skaðabætur vegna birtingar mynda sem dæmdar verða ólögmætrar.

Friðhelgi eða tjáningarfrelsi?

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu“ segir í íslensku stjórnarskránni, og er það byggt á Mannréttindasáttmála Evrópu. Það ætti að vera óþarfi að taka fram að „allir“ þýðir „allir.“

Andspænis þessu verndunarákvæði stendur tjáningarfrelsið, sem einnig er fest í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála: „Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis,“ segir í evrópska sáttmálanum.

Deilur um nafn- og myndbirtingar í fjölmiðlum fela í reynd í sér átök um hvar markalínan á milli þessara tveggja grundvallarréttinda eigi að liggja. Þegar Mannréttindadómstóll Evrópu tekur kærumál af þessu tagi til meðferðar, þurfa dómaramarnir því að meta hvor eigi að hafa meira gildi í hverju tilfalli – 8. grein sáttmálans um

fríðhelgina eða 10. greinin um tjáningarfrelsið.

Sem betur fer fyrir lýðræðið hefur dómstóllinn staðið traustan vörð um tjáningarfrelsið og lagt áherslu á að fjölmiðlar hafi líka rétt til þess í lýðræðisþjóðfélagi að birta upplýsingar og skoðanir sem vekja andúð og ugg eða gangi hreinlega fram af fólki („*offend, shock or disturb*“).¹

Leiðbeiningar í siðareglum

Til viðbótar við þau ákvæði sem er að finna í stjórnarskrá, lögum og fjölþjóðlegum sáttmálum hafa íslenskir fjölmiðlamenn sett sér sérstakar siðareglur sem eru skuldbindandi fyrir félagsmenn Blaðamannafélags Íslands. Þær eru sameiginlegt viðmið sem ritstjórnir fjölmiðla hafa leitast við að hafa að leiðarljósi síðustu áratugi, meðal annars við töku ákvarðana um nafn- og myndbirtingar.

Fjallað er um nafnbirtingar í fjórðu grein siðareglanna. Þetta er almennt ákvæði sem þar af leiðandi tekur til allra nafnbirtinga, þótt oftast sé vitnað til þeirra í sambandi við umfjöllun um meint sakamál. Þar segir:

„*Blaðamenn skulu hafa ríkt í*

huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar.“

Samkvæmt orðanna hljóðan er í þessari grein ekki verið að nefna þau skilyrði sem leyfa eða heimila nafnbirtingar, heldur er verið að telja upp þau skilyrði sem krefjast nafnbirtingar. Ég tel mikilvægt að hafa þetta í huga þegar fjölmiðlar eru sakaðir um brot á þessu ákvæði siðareglanna.

Engu að siður hefur þessi grein gjarnan verið notuð til að þrengja rétt fjölmiðla til nafnbirtinga, meðal ann-

ars í úrskurðum siðanefndar Blaðamannafélagsins gegnum tíðina.

Þarna eru sett fram þrjú skilyrði sem krefjast nafnbirtingar í fjölmiðlum: Í fyrsta lagi: Almennt öryggi borgaranna. Í öðru lagi: Sérstakir hagsmunir almennings. Í þriðja lagi: Almannaheill. Og þótt þessi skilyrði séu frekar almenns eðlis og því hægt að túlka þau á ýmsa vegu, taka þau engu að siður á mikilvægum grundvallaratriðum.

Af þessum þremur skilyrðum er auðveldast fyrir ritstjórn að meta hvort rétt sé eða jafnvel nauðsynlegt í þágu almenns öryggis borgaranna að birta mynd af einstaklingi. Þá er spurningin einfaldlega þessi:

Setur það einhverja borgara landsins í hættu að fá ekki að vita hvað tiltekinn maður heitir eða hvernig hann lítur út?

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Stjórnarskrá Íslands, 71. grein.

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 8. grein.

Hver sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Almenn hegningarlög, 229. grein.

Slíkt getur til dæmis átt við um mann sem gengur laus þótt hann hafi itrekað sýnt að hann sé hættulegur samborgurum sínum. Ég hef sjálfur tekið þátt í ákvörðun um að birta mynd af slíkum manni. Það var þegar við sem unnum á DV fyrir margt löngu tókum þá ákvörðun að birta mynd af margdæmdum kynferðisafbrotamanni vegna þess að hann hafði sýnt það og sannað hvað eftir annað að hann réði ekki við afbrotahneigð sína og var því áfram hættulegur umhverfi sínu, það er að segja ungum drengjum.

Hin tvö skilyrðin – sérstakir hagsmunir almennings og almannaheill – eru þeim annmörkum háð í siðareglunum að þar er ekki nánar skilgreint við hvað er átt. Það býður að sjálfsögðu upp á mjög ólíka túlkun á því hvenær sérstakir hagsmunir almennings eru í húfi varðandi tiltekna nafn- eða myndbirtingu, að ekki sé minnst á almannaheill sem er enn víðtækara hugtak.

Mismikil vernd

Eðlilegt virðist í þessari umræðu að greina „fórnarlömb“ myndbirtinga í að minnsta kosti fjóra hópa sem njóta mismikillar verndar vegna ólíkrar stöðu sinnar í samfélaginu:

Í fyrsta lagi stjórnámálamenn.

Í öðru lagi frægt fólk sem er annað

hvort áberandi vegna starfa sinna, til dæmis kvikmyndastjórnur, popparar, íþróttastjórnur og svo framvegis, eða fyrir að tilheyra frægum fjölskyldum, en það á ekki síst við um kóngafólk.

Í þriðja lagi fórnarlömb hörmunga af ýmsu lagi, slysa, sjúkdóma, hamfara eða glæpa, það er að segja fólk „sem á um sárt að binda“ eins og það heitir í

siðareglum íslenskra blaðamanna.

Í fjórða lagi sakborningar í dóm- og refsimálum.

Flestir sem tilheyra tveimur fyrstnefndu hópunum, en vissulega ekki allir, skera sig úr að því leyti að þeir sækjast gjarnan eftir því að komast í fjölmiðla. Það einkennir samtímann að enginn verður verulega þekktur eða frægur nema mynd af honum birtist itrekað í sjónvarpi og/eða öðrum fjölmiðlum. Þetta vita stjórnámálamenn og aðrir þeir sem sækjast eftir því að verða þekktir meðal almennings og

1 Tilvitnanir á ensku í þessari grein eru allar í dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Karólínu prinsessu gegn þýska ríkinu frá 24. júní 2004.

ávinna sér traust og aðdáun eða bara umtal.

Í mörgum tilvikum beita stjórnsmálsmenn, og aðrir þeir sem leitast við að verða frægir, líka sínum nánustu í þessu skyni, og hafa þar með opnað fjölmiðlum dyrnar að einkalífi sínu, hvort sem það er gert til að afla sér atkvæða eða til að baða sig í sviðsljósinu. Það má með nokkrum rétti segja að þetta fólk hafi sjálft gert einkalíf sitt opinbert, að minnsta kosti að hluta, og geti þar af leiðandi ekki gert ráð fyrir jafn mikilli vernd að þessu leyti og hinir sem vilja fyrst og fremst fá að lifa sínu lífi í friði, eins og reyndin er með flesta þá sem „eiga um sárt að binda“ og fjölmiðlar þurfa að sýna sérstaka aðgát og varúð.

Sakamenn eru síðan sérhópur vegna þess að þeir eru ýmist grunaðir um eða hafa verið dæmdir fyrir að brjóta lög landsins. Það eitt leggur þá skyldu á fjölmiðlana að veita áhorfendum/lesendum allar þær upplýsingar um afbrot þeirra og þá sjálfa sem varða hagsmuni almennings, en auðvitað ávallt með þá grundvallarreglu í huga að allir menn teljast saklausir þar til sekt þeirra hefur verið sönnuð fyrir dómstólum.

Karólínudómurinn

Í Karólínudómnum svokallaða, sem Mannréttindadómstóll Evrópu felldi nú í sumar, er sérstaklega fjallað um tvo fyrrnefndu hópana, annars vegar stjórnsmálsmann, hins vegar fólk sem almenningur hefur áhuga á að fylgjast með í fjölmiðlum vegna þess að það er frægt, en sem gegnir samt engu opinberu embætti eða opinberum skyldum. Dómstóllinn gerir ljósan greinarmun á milli þessara tveggja hópa hvað friðhelgi einkalífs varðar.

Stjórnsmálsmenn njóta minni verndar en aðrir vegna þess að þeir sækjast eftir opinberum trúnaðarstörfum og gegna slíkum störfum fyrir hönd almennings. Þess vegna á almenningur lýðræðislegan rétt til að fá upplýsingar um allt það sem getur haft áhrif á opinber störf slíks manns, og það sem nauðsynlegt er að birta opinberlega til þess að almenningur geti mótað sér

private live against freedom of expression should lie in the contribution that the published photos and articles make to a debate of general interest.“

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þar sem Karólína prinsessa gegndi engu opinberu hlutverki, og þar sem myndirnar sýndu hana einungis við athafnir í einkalífi sínu, væri framlag þeirra til slíkrar umræðu ekkert. Almenningur hefði þar að auki engan lögmætan áhuga á að vita hvar hún væri eða hvernig hún haggæði sér almennt séð í einkalífi sínu, jafnvel þótt hún væri vel þekkt og myndirnar teknar á stöðum sem kalla mætti almanna-færi.

Niðurstaðan virðist í stuttu máli sú að ef fjölmiðlar taka myndir af frægu fólki, sem gegnir engu opinberu hlutverki, við algengar athafnir í einkalífi sínu, svo sem að fara í búðir, ganga um götur eða sóla sig á baðströnd, hafa fjölmiðlar ekki rétt til að birta þær gegn vilja viðkomandi einstaklinga. Þetta er veruleg breyting frá því sem tíðkast hefur í Evrópu og víðar þar sem ljósmyndarar elta frægt fólk á röndum og hafa hingað til mátt selja ljósmyndir af athöfnum þess til dagblaða og tímarita víða um heim án þess að eiga von á málssókn. Dómurinn hefur sett þeim, og fjölmiðlunum sem kaupa myndir þeirra, mun þrengri skorður.

Gamalkunnug rök

Það er ekkert nýtt að deilt sé um nafn- og myndbirtingar hér á landi, ekki síst í tengslum við sakamála eða önnur dómsmál. Að þessu sinni hefur umræðan risið vegna vinnubragða DV sem gengur lengra í slíkum birtingum en aðrir fjölmiðlar. En röksemdirnar sem settar eru fram með

Tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna, eða vegna réttinda eða mannræðis annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum.

Stjórnarskrá Íslands, 73. grein.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda.
2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannræði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutrægni dómstóla.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 10. grein.

sjálfstæða upplýsta skoðun á viðkomandi stjórnsmálamanni. Upplýsingaflæði af því tagi er einfaldlega ein af forsendum lýðræðislegrar umræðu og ákvarðanatöku.

Í Karólínudómnum visar dómstóllinn til þeirrar niðurstöðu sinnar í fyrri dómi, vegna bókar eftir lækni fyrrverandi Frakklandsforseta, að í vissum sérstökum tilvikum („in certain special circumstances“) hafi almenningur einnig rétt á að fá í hendur viðkvæmar persónuupplýsingar um einstaka stjórnsmálsmann, lífs eða líðna, þar á meðal upplýsingar sem annars falli almennt undir friðhelgi einkalífsins, svo sem um heilsufar.

Að mati dómstólsins er það lyklatríði þegar greina þarf á milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífsins að hve miklu leyti birting upplýsinga, hvort sem þær eru texti eða myndir, sé framlag til almennrar þjóðfélagsmæðu, eða svo vitnað sé beint í dóminn:

„... it considers that the decisive factor balancing the protection of

og á móti eru gamalkunnar fyrir þau okkar sem lengi hafa fengist við blaðamennsku.

Enn sem fyrr takast á tvö andstæð sjónarmið:

1. Annars vegar eru viðhorf þeirra sem vilja í lengstu lög vernda þá ógæfusömu einstaklinga sem gerast brotlegir við lög landsins, og ekki síður aðstandendur þeirra – það er að segja vernda þá fyrir opinberri persónulegri umfjöllun, að minnsta kosti á meðan dómstólar hafa ekki dæmt þá seka.

2. Hins vegar er það sjónarmið að hagsmunum almennings og samfélagsins sé best borgið með því að fjölmiðlar segi sem fyrst og sem ítarlegast frá öllum alvarlegum sakamálum sem lögregla landsins er að rannsaka, jafnvel á fyrstu stigum rannsóknarinnar. Og að slíkir hagsmunir eigi að ráða meiru um birtingu nafns og myndar en umhyggja fyrir hinum grunaða eða dæmda.

Ritstjórar fjölmiðils sem taka þá ákvörðun að fylgja öðru hvoru þessara grunn-sjónarmiða kerfisbundið og án undantekninga þurfa ekki að liggja lengi yfir ákvörðunum í langflestum sakamálum sem upp koma. Annað hvort birta þeir hvorki nafn né mynd fyrr en í fyrsta lagi eftir að dómur er fallinn, eða þá að þeir birta nöfn og myndir allra þeirra sem grunaðir eru um glæpi strax og fjölmiðillinn kemst yfir nöfnin og myndirnar.

Jón og séra Jón

Segja má að DV fari nú fyrst íslenskra fjölmiðla inn á þá braut að reyna að fylgja öðru þessara tveggja grunnviðhorfa út í hörgul. Allir aðrir fjölmiðlar hafa reynt að fara bil beggja,

sem í reynd þýðir að í mörgum tilvikum ræður geðþóttaákvörðun augnabliksins. Það býður að sjálfsgöðu upp á mismunun; að eitt muni ekki ganga yfir Jón og séra Jón.

Siðanefnd Blaðamannafélagsins hefur það hlutverk að túlka ákvæði siðareglna blaðamanna um nafn- og myndbirtingar og það hefur hún gert í nokkrum tilvikum, án þess þó að allir séu á eitt sáttir um niðurstöðu nefndarinnar. Það á til dæmis við um frásagnir fjölmiðla af handteknum mönnum.

Á níunda áratugnum birti DV fréttamynd af handtöku þriggja feðga sem voru grunaðir um vopnað rán við Landsbanka Íslands við Laugaveg eða aðild að því ráni. Þeir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Í frétt DV var sagt frá handtöku manna þriggja og gæsluvarðhaldsúrskurðinum. Þeir voru nafngreindir í fréttinni og birt með fréttamynd sem tekin var á vettvangi þegar mennirnir voru handteknir.

Siðanefndin komst að þeirri niðurstöðu að hvorki nafnbirtingin né

varpi og blöðum myndir af vopnlausum forystumönnum skipafélags í haldi lögreglunnar?

Úrskurðir séu til leiðbeiningar

Satt að segja efast ég um að fjölmiðill sem birti á morgun myndir af handtöku manna sem grunaðir væru um vopnað rán fengi bággt fyrir hjá siðanefnd blaðamanna árið 2004, þótt DV hafi mátt sæta því árið 1984.

Enda eru siðanefndir í eðli sínu íhaldssamar. Þeir sem vilja breytt vinnubrögð eru því líklegri en aðrir til að fá yfir sig áfellsisdóm slíkra nefnda. Það hefur löngum sannast á DV og forverum þess, Dagblaðinu og Vísi. Og gerir enn því það er einmitt ákvörðun nýrra ritstjóra DV að birta nöfn og myndir af grunuðum mönnum sem varð til þess að vekja þessa umræðu upp enn á ný.

Sú skriða fór af stað undir lok síðasta árs þegar DV birti mynd af manni sem hnepptur var í gæsluvarðhald vegna gruns um kynferðislega misnotkun á drengjum. Sú myndbirting kom reyndar ekki til kasta siðanefndar Blaðamannafélagsins, en það gerði hins vegar birting nafns og myndar læknis sem foreldrar látins barns hafa borð þungum sökum. Siðanefnd taldi brot DV alvarlegt, en ritstjórar blaðsins hafa mótmælt þeirri niðurstöðu harðlega og sérstaklega þeim

rökum sem fram koma í úrskurði siðanefndar.

Ekki er ástæða til að fjalla nánar um þessi tilteknú mál hér, en mér finnst almennt séð rétt að lýsa þeirri skoðun minni að gera verði þá kröfu til siðanefnda að niðurstöður þeirra í umdeildum málum séu ítarlega og skilmerkilega rökstuddar. Úrskurðir siðanefndar Blaðamannafélagsins

Meðferð persónuupplýsinga

7. gr. Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta.

5. gr. Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má vika frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.-13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

myndbirtingin væri réttlæt看anleg og að hún væri því brot á siðareglum.

Vart þarf að taka það fram að ritstjórar DV á þeim tíma voru harla ósáttir við þann úrskurð. Og ekki að ástæðulausu, því hvernig gat það verið brot á siðareglum að birta mynd af handtöku manna sem voru grunaðir um alvarlegt vopnað rán, ef það var allt í lagi að birta ítrekað í sjón-

eru ekki aðeins úrlausn mála fyrir þann sem kærir, heldur eiga þær líka að vera blaðamönnum almennt til leiðbeiningar í starfi.

Bann eða birting?

Mér hefur stundum fundist að sumir þeir sem háværast gagnrýna fjölmiðla fyrir myndbirtingar í sakamálum nálgist myndbirtingarmálin frá röngu sjónarhorni. Það var að minnsta kosti oft tilfinning mín þau mörgu ár sem ég stóð sjálfur í eldlinunni og þurfti að taka ákvarðanir um nafn- og myndbirtingar sakamanna, oftast eftir að þeir höfðu fengið dóm, en stundum á fyrri stigum alvarlegra sakamála.

Hér á ég við að of margir ganga út frá þeirri forsendu að bann við birtingu nafna og mynda af sakamönnum sé hið sjálfsagða og eðlilega ástand, það er að segja að bannið eigi að

vera meginreglan en birting undantekningin. Þetta leiðir síðan gjarnan til þeirrar umræðu sem margir kannast við og oft fer í þann farveg að það sé aðeins réttlæt看legt að birta slíkar myndir af grunuðum mönnum ef þeir eru frægir eða opinberar persónur, þingmenn eða forstjórar og svo framvegis. Þar sem frægð er afstætt hugtak, þá er væntanlega átt við að þeir séu frægir á öllu landinu, en ekki bara í sinni heimabyggð, eða hvað?

Að minnu mati er mun eðlilegra að ganga út frá því sem meginreglu í því frjálsa samfélagi sem við búum í, að almenningur eigi rétt á því að fá allar þær upplýsingar sem varða hagsmuni almennings. Þá vaknar auðvitað sú spurning sem ritstjórar og ábyrgðarmenn fréttamiðla þurfa alltaf að svara þegar þeir velja efni til birtingar í fjölmiðli sínum: Varðar þessi frétt eða grein eða mynd hagsmuni almennings?

Dómstólanna að sakfella

Þar sem ég er þeirrar skoðunar að öll alvarleg sakamál varði hagsmuni almennings, tel ég tvímælalaust að fjölmiðlar eiga að hafa rétt til nafnbirtingar í öllum slíkum alvarlegum málum. Spurningin sé ekki hvort nafnbirting sé eðlileg, heldur hvenær og hvernig.

Þetta er reyndar ríkjandi stefna í fjölmiðlum víða í kringum okkur. Og íslenskir fjölmiðlar hafa líka oft á tíðum fylgt henni varðandi fréttir sem berast erlendis frá. Við birtingu slíkra fréttanna hafa sem kunnugt er gilt í reynd allt önnur lögmál en þegar um íslenska menn er að ræða, bæði að því er

meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Með þessu síðarnefnda ákvæði er lögð áhersla á þann mun sem þarf að vera á umfjöllun fjölmiðla annars vegar um grunaða menn og hins vegar um sakfellda menn.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að almennt séð eigi sakamenn ekki að njóta nafnleyndar eftir að dómur er fallinn í máli þeirra. Enda er það svo að þegar dómstólarnir fella dóm í einhverju máli birta þeir yfirleitt um leið nöfn þeirra sem dæmdir eru. Þar með eru nöfn þeirra orðin opinber, og eru reyndar í mörgum tilvikum aðgengileg fyrir hvern sem er á Netinu.

Hins vegar er mikilvægt að birting nafns og/eða myndar af dæmdum sakamanni í dagblöðum eða öðrum fjölmiðlum verði ekki til þess að benda almennungi á fórnarlamb sakamannsins.

Vönduð vinnubrögð

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Síðareglur Blaðamannafélags Íslands, 3. og 4. grein.

varðar fréttir af grunsemdum um lögbrót og um margvísleg persónuleg málefni. Þetta er auðvitað ekkert annað en tvískinnungur.

Þótt fjölmiðlar hafi að minnu mati rétt til nafnbirtinga í öllum alvarlegum sakamálum vitum við að sumir þeirra kjósa oft að birta ekki mynd eða nafn dæmdra sakamanna. Og ef litið er á fjölda þeirra mála sem upp koma á hverju ári, þá heyrir það enn til undantekninga að birtar séu í fjölmiðlum myndir af grunuðum sakamönnum.

Efnislegar ástæður þess er meðal annars að finna í tveimur málsgreinum í síðareglum blaðamanna.

Annars vegar ákvæði þriðju greinar, en þar er sú skylda lögð á herðar blaðamanna að *„forðast allt sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“*

Hins vegar eru það eftirfarandi ákvæði fjórðu greinar síðareglanna:

„Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá

Ábyrgur ritstjóri ætti þannig alls ekki að birta mynd eða nafn sakamanns í kynferðisafbrotamáli ef fórnarlamb hins dæmda er í nánustu fjölskyldu hans, einfaldlega vegna þess að með slíkri nafn- eða myndbirtingu er í reynd verið að birta nafnið á fórnarlambinu.

Hvað með þá grunuðu?

Þegar um grunaða sakamenn er að ræða þurfa fjölmiðlar hins vegar að fara mun varlegar, eins og síðareglur blaðamanna gera ráð fyrir.

Ég tel að í sumum tilvikum sé fullkomlega réttlæt看legt að birta nafn og mynd af grunuðum sakamanni. En viss skilyrði þurfa þá að vera fyrir hendi. Þar skiptir höfuðmáli að viðkomandi einstaklingur sé sterklega grunaður um alvarlegan glæp, það er að segja að hann sé grunaður um afbrot sem þung viðurlög liggja við ef hann verður sakfelldur.

Áður en ákvörðun er tekin um

mynd- eða nafnbirtingu grunaðs manns er eðlilegt að gera þá kröfu til ritstjórnar að hún hafi aflað traustra upplýsinga um hversu sterkur grunurinn er og á hversu traustum grunni kærán er byggð.

Í því sambandi er rétt að minna á að fjölmiðlar treysta mjög mikið á lögreglu- yfirvöld við fréttir af sakamálum á meðan þau eru á rannsóknarstigi, þar á meðal á óformlegar upplýsingar frá heimildarmönnum. En fjölmiðlamenn þurfa að gera sér grein fyrir því að lögreglan er ekki fullkomnari en aðrar mannlegar stofnanir. Lögreglan hefur stundum gert alvarleg mistök. Hún hefur handtekið saklausa menn og fengið þá dæmda í gæsluvarðhald. Blaðamenn verða því alltaf að hafa það í huga að það sem frá slíkum yfirvöldum kemur þarf ekki endilega að vera rétt.

Enn hættulegra getur verið fyrir fjölmiðlamenn að treysta um of á orð þeirra sem eiga harma að hefna. Það á ekki síst við í málum sem kalla á sterk tilfinningaleg viðbrögð eins og reyndin er til dæmis varðandi öll afbrot gegn börnum. Í því sambandi er hollt að minnast umfjöllunar fjölmiðla um mál af því tagi sem gekk almennt undir nafninu Svefneyjamálið. Á meðan það sakamál var á byrjunarstigi var æstum aðstandendum meintra fórnarlamba jafnvel hleypt beint inn í sjónvarpsfréttir með fullyrðingar gegn hinum grunuðu sem siðanefnd blaðamanna taldi siðar alvarlegt brot á siðareglum.

Það er því margt að varast og mikilvægt að ákvörðun um birtingu sé tekin að mjög vel athuguðu máli.

Kjarni málsins

Þrátt fyrir samkomulagið sem gert var á sínum tíma um siðareglur blaðamanna hafa íslenskir fjölmiðlar aldrei náð saman um að skilgreina nákvæmlega eina algilda vinnureglu í nafn- og myndbirtingarmálum. Það er vegna þess að fjölmiðlar hafa ekki haft sama skilning á því hvað almenningur á heimtingu á að fá að vita. Mér synist lítil ástæða til að ætla að það muni eitthvað breytast í nánustu framtíð.

Frá mínum sjónarhóli séð má draga saman kjarna málsins varðandi

nafn- og myndbirtingar í sakamálum sem hér segir:

Í fyrsta lagi:

Ég tel að öll alvarleg sakamál varði hagsmunum almennings. Slík brotamál skipta almenning því meira máli sem hin meintu brot eru alvarlegri.

Í öðru lagi:

Réttur fjölmiðils til birtingar á nöfn- um dæmdra sakamanna á að vera sjálfsögð meginregla, en gæta þarf þess sérstaklega við birtingu að ekki sé um óbeina nafnbirtingu á fórnarlömbum að ræða.

Í þriðja lagi:

Ef um grunaðan mann er að ræða þá þarf ákvörðun um nafnbirtingu meðal annars að taka mið af tvennu: annars vegar hversu alvarlegur hinn meinti glæpur er, hins vegar hversu sterkur málátillbúnaðurinn gegn honum er og þar með líkurnar á að hann verði sakfelldur.

Í fjórða lagi:

Það þarf að standa þannig að nafn- og/eða myndbirtingu grunaðs manns að á engan hátt sé gengið út frá sekt hans. Ljóst má vera að þegar um minniháttar afbrot er að ræða getur nafn- og myndbirting ein og sér reynst sakborningi og fjölskyldu hans þungbært áfall, og það þótt viðkomandi fjölmiðill taki skýrt fram að maðurinn sé einungis grunaður, ekki sakfelldur.

Valdi fylgir ábyrgð

Það er að sjálfsögðu á valdi hvers ritstjóra að ákveða, innan ramma laga og siðareglna, og út frá stefnu síns fjölmiðils, hvort og þá hvenær hann telur að sakamál sem er í rannsókn varði hagsmunum almennings í svo ríku mæli að nafnbirting og/eða myndbirting grunaðs manns sé réttlætaleg eða jafnvel í vissum tilvikum nauðsynleg. Það getur enginn annar tekið slíka ákvörðun fyrir hann, síst af öllu keppinautarnir. En hann verður líka að axla ábyrgð á þeirri ákvörðun gagnvart lesendum sínum, siðareglum, landslögum og sjálfum sér.

Annars er athyglisvert hvað umræða um fjölmiðla hér á landi hefur takmarkast við tvo þætti síðustu misseri; annars vegar nafn- og myndbirt-

ingar, hins vegar eignarhald á fjölmiðlum. Gleymst hefur að mestu að ræða um það sem öllu skiptir fyrir upplýsta þjóðmálaumræðu: Hvernig rækja dagblöð og ljósvakamiðlar þá frumskyldu sína í lýðræðisþjóðfélagi að upplýsa almenning um allt það sem raunverulega er að gerast í íslensku samfélagi?

Hér sem annars staðar sigla stjórn- málamaður og fjármálamaður af fullum þunga um undirdjúp valds og peninga og eru líkt og borgarísjakar að mestu í kafi. Leita fjölmiðlamenn að einhverju ráði undir yfirborðið til að lýsa því sem þar er raunverulega að gerast, eða láta þeir yfirleitt nægja að gefa almenningi þá grunnu mynd af atburðum og hagsmunabaráttu sem valdsmenn stjórn mála og viðskipta, spunameistarar þeirra og ímyndarfræðingar, vilja að sjáist opinberlega? Eru fjölmiðlarnir að breytast í léttvæg afþreyingartæki sem nota fréttir jafnt sem annað efni fyrst og fremst til að skemmta fólk? Þetta eru spurningar sem sérhver blaðamaður ætti að spyrja sjálfan sig út frá eigin reynslu á þeim fjölmiðli þar sem hann starfar.

Nafn- og myndbirtingarmál eru mikilvæg vegna þess að þau varða grundvallarréttindi fjölmiðla og einstaklinga eins og hér hefur verið rakið. Endurtekið umrót vegna slíkra mála má hins vegar ekki verða til þess að draga athygli fjölmiðlamanna frá meginskyldum sínum, sem eru ekki að skemmta fólk heldur að skýra almenningi málefnalega, skilmerkilega og undanbragðalaust frá öllu því sem máli skiptir fyrir upplýsta þjóðmálaumræðu, og þá ekki síst að fjalla um þau efni sem valdhöfum í stjórn- málum og fjármálalífi þjóðarinnar á hverjum tíma er lítt að skapi að birtist á opinberum vettvangi.

Fjölmiðlafólk gegnir lykilhlutverki í lýðræðislegu samfélagi og ber að rækja það hlutverk af einurð og festu. Fjölmiðlar sem ljúga með þögninni, hvort sem er vegna sjálfsritskoðunar eða þrýstings frá senditökum valdsins, eru að bregðast skjólstæðingum sínum, almenningi í landinu, engu síður en hinir sem ganga of nærri friðhelgi einkalífsins.

esj@icestory.com

Fótunum kippt undan gulu pressunni



Eftir
Pál Þórhallsson

Eru allir jafnir fyrir lögunum eða eru sumir jafnari en aðrir? Þessari spurningu sem virðist auðsvarað verður að svara neitandi þegar að því kemur að ákveða hversu mikillar friðhelgi einkalíf fólks eigi að njóta. Það hefur verið staðfest í mörgum dómum Mannréttindadómstóls Evrópu að stjórnálmenn verða að una því umfram aðra að einkalíf þeirra sé grandskoðað. Að minnsta kosti á það við þegar um er að ræða atriði sem snerta opinbera framgöngu þeirra eða þegar þeir hafa sjálfir kosið að fjalla um atriði úr einkalífi sínu.

Rökin eru þau meðal annars að stjórnálmenn bjóði sig vitandi vits fram til opinberra starfa og verði í staðinn að sæta því að einkalíf þeirra, að minnsta kosti að vissu marki, sé tekið til skoðunar.

Ekkí hefur hins vegar legið fyrir að hve miklu leyti frægt fólk nýtur einkalífverndar samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu og mismunandi er eftir löndum hve rík sú vernd er. Háttsemi svokallaðra paparazzi ljósmyndara sem sitja um fræga fólk til að ná af því myndum varð mjög umtöluð eftir dauðaslys Diónu prinsessu í París 1997. Þing Evrópuráðsins samþykkti í kjölfarið ályktun um þetta efni. Hún er þó ekki bindandi að neinu leyti en gaf vísbendingu um að tími þætti kominn til að hnykkja á því að réttur fjöl-

miðla til að eltast við og birta myndir af frægu fólk væri ekki ótakmarkaður. Var þar meðal annars lagt til að aðildarríkin breyttu lögum sínum á þann veg að gera fólk kleift að verjast ágangi ljósmyndara.

Á stöðugum flóttu

Í nýjum dómi mannréttindadómstólsins í máli Karólínu prinsessu af Mónakó gegn Þýskalandi (24. júní 2004) eru lagðar línur að þessu leyti. Karólína hefur í mörg ár reynt að verjast ásókn fjölmiðla í ýmsum Evrópulöndum og hefur ekki viljað una því að fylgst sé með henni og fjölskyldu hennar hvert fótmál. Snerist mál þetta um birtingu fjölda mynda af henni í þýsku blöðunum Bunte, Freizeit Revue og Neue Post á árunum 1993 og 1997. Voru myndirnar teknar án hennar samþykkis á almannafæri þar sem hún sat á veitingastöðum, var á gangi úti á götu, á skiðum eða á baðströnd, ýmist ein eða með kærasta sínum. Þýski stjórnlagadómstóllinn taldi rétt að draga markalínu eftir því hvort viðkomandi væri afsíðis eða ekki. Miða bæri við það hvort augljóst væri að viðkomandi hefði dregið sig í hlé, greinilega í þeim tilgangi að fá að vera í friði og þar sem þeir hegðuðu sér öðru vísi en þeir myndu gera innan um almenning. Þannig taldist réttur á henni brotinn þar sem hún sat að snæðingi með unnusta sínum úti í horni á veitingastað þar sem hún var greinilega að reyna að vera í friði. Hins vegar taldist leyfilegt að birta af henni myndir á hestbaki eða á reiðhjóli innan um almenning. Þýski stjórnlagadómstóllinn vildi ekki meina að það skipti máli í hvaða tilgangi myndirnar væru teknar. Ekkert væri í sjálfu sér athugasvert við að fjölmiðlar fylgdust með frægu fólk og

segðu af því fréttir. Almennur ætti rétt á slíku léttmeti alveg eins og öðrum upplýsingum. Væri raunar að verða sífellt erfiðara að greina afþreyingu og alvarlegan fréttaflutning að.

Mannréttindadómstóllinn vildi hins vegar ganga mun lengra. Kváðust dómarnir ekki sjá að myndirnar og textinn við þær væru á nokkurn hátt framlag til umræðu sem varðaði almenning. Eingöngu væri verið að rekja atriði úr einkalífi hennar. Almennur ætti ekki rétt á að vita hvar Karólína væri né hvernig hún hegðaði sér í einkalífi sínu jafnvel þótt hún léti sjá sig á stöðum sem væru ekki fáfarnir eða teldust afmarkað rými og jafnvel þótt hún væri vel þekkt. Hefði Þýskaland því brotið gegn 8. grein sáttmálans með því að láta undir höfuð leggjast að veita henni tilhlýðilega réttarvernd.

Friðhelgi einkalífs ekki síður mikilvæg en fjölmiðlafrelsið

Þessi dómur hefur vakið mikla athygli enda um hálfgerð reidarslag að ræða fyrir evrópsk vikublöð sem þrífast bókstaflega á því að birta myndir af frægu fólk, gjarnan leikurum, fjölmiðla-, íþrótt- og poppstjörnum, helst teknar án vitundar þess.

Nokkrar meginályktanir sem draga má af dómnum eru þessar:

Tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs eru jafnmikilvæg réttindi sem verðskulda sömu vernd. Sérstaklega verður að vera á varðbergi vegna nýrrar fjölmiðlataekni sem gerir vernd friðhelgi einkalífs ennþá erfiðari en fyrr.

Stjórnvöldum í aðildarríkjum sáttmálans ber ekki einungis að halda að sér höndum gagnvart einkalífi einstaklinga heldur ber þeim að grípa til virkra aðgerða, ef nauðsyn krefur í

formi lagasetningar, til að verja einkalíf manna árásum frá öðrum þjóðfélagsþegnum, þ.m.t. fjölmiðlum, og gera þeim kleift að ráða því hvernig myndir sem af þeim eru teknar eru notaðar.

Meginviðmið varðandi mat á því hvort myndbirting er heimil felst í því hvort hún geti talist framlag til umræðu sem varðar almenning. Minna máli skiptir hvar myndirnar eru teknar. Einstaklingar, jafnvel þótt frægir séu, eiga ekki að þurfa að sæta því að myndir séu birtar af þeim, án þeirra samþykkis, þótt þeir láti sjá sig á almannafæri til dæmis í búðarferð, á baðströnd, á skiðum eða á veitingastað. Öðru máli myndi gegna ef viðkomandi eru í opinberum erindagjörðum af einhverju tagi, til dæmis ef þeir koma fram sem fulltrúar stofnana eða félagasamtaka eða eru þátttakendur í fréttæmum viðburðum. Sömu sjónarmið virðast geta átt við um birtingu upplýsinga almennt, þótt vissulega séu myndir áþreifanlegri íhlutun í einkalíf heldur en annars konar frásögn.

Það hefur áhrif á mat á því hversu alvarleg íhlutunin er hvort viðkomandi einstaklingur hefur orðið fórnarlamb fjölmiðlaeineltis eða ekki en er þó ekki úrslitaatriði.

Sérstök sjónarmið eiga við um stjórnámálamenn eins og fram hefur komið í fyrri dómum á þessu sviði. Almenningur getur átt rétt á að vita um atriði úr einkalífi þeirra. Réttarstöðunni er lýst svo í yfirlýsingu ráðherra nefndar Evrópuráðsins um frjálsa stjórnámálumræðu sem samþykkt var 12. febrúar 2004: „Einkalíf og fjölskyldulíf stjórnámálamanna og opinberra starfsmanna á að njóta verndar gagnvart fjölmiðlaumfjöllun samkvæmt 8. grein Sáttmálans. Samt sem áður má koma á framfæri upplýsingum um einkalíf þeirra þegar þær varða almenning og snerta beinlínis opinbera framgöngu þeirra, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að forðast að valda óviðkomandi óþarfa sársauka. Þegar stjórnámálamenn og opinberir starfsmenn hafa

vakið athygli almennings á þáttum í einkalífi sínu, eiga fjölmiðlar rétt á að fara í saumana á þeim atriðum.

Ekki hefur reynt á réttarstöðuna gagnvart fólki sem sækist eftir sviðsljósinu án þess að teljast stjórnámála-

Það virðist blasa við að eftirleiðis verði fjölmiðlar að óska leyfis einstaklinga áður en af þeim eru birtar myndir nema ef þær geta talist eðlilegur hluti af fréttæmri frásögn. Til dæmis er stórlega vafasamt að það stæðist að birta



Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Karólinu Mónakaprinsessu, sem hér sést á göðri stundu, gæti haft mjög viðtæk áhrif á starfsaðferðir evrópskra blaðamanna.

menn eða opinberir starfsmenn svo sem poppstjörnum eða leikurum.

Enn er mögulegt að dómi þessum verði áfrýjað til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins. Ef hann reynist hins vegar endanlegur þurfa öll aðildarríki Evrópuráðsins, þar með talið Ísland, að huga að löggjöf sinni og framkvæmd á þessu sviði. Má geta þess að breskir dómstólar virðast hafa leyft fjölmiðlum meira svigrúm á þessu sviði, sbr. mál fyrrsætunnar Naomi Campbell, sem þurfti að sætta sig við myndbirtingu þar sem hún var að koma út úr meðferðarheimili.

Myndir úr daglega lífinu úr sögunni?

Ekki er endilega þörf á lagasetningu um þetta efni, ef sýnt er fram á að siðareglur blaðamanna veiti einstaklingum fullnægjandi vernd og ef dómstólar gæta þess að skýra lagaákvæði í samræmi við kröfur mannréttindasáttmálans og mannréttindadómstólsins.

myndir af börnum að leik í sandkassa nema hugsanlega ef fyrir lægi samþykki foreldra. Og nú verður líklega að spyrja sóldýrkendur í Nauthólsvík leyfis áður en birtar eru af þeim myndir.

Hins vegar mætti færa rök fyrir því að birta megi myndir af þátttakendum á útifundum þar sem einhvers konar pólitískri afstöðu er lýst án þess að afla samþykkis hvers og eins. Þá þurfa ljósmyndarar og fréttastjórar að spyrja sig hvort einhver lögmætur tilgangur búi að baki áður en birtar eru myndir af frægu fólki sem leggur leið sína til Íslands – og má jafnvel spyrja hvort það sé réttlæt看legt að geta ferða þeirra yfirleitt þegar það kemur hingað í einkaerindum!

Grein þessi birtist í Morgunblaðinu sl. sumar og er birt með góðfúslegu leyfi höfundar.

Höfundur starfar sem lögfræðingur hjá Evrópuráðinu. Skoðanir sem birtast í pistlinum eru alfarið á ábyrgð höfundar og endurspeglar ekki nauðsynlega viðhorf Evrópuráðsins. Vinsamlega sendið ábendingar um efni til pall.thorhallsson@free.fr.

Ritstjórnarstefna DV og siðareglur blaðamanna

Nafnbirting DV felur ekki í sér dóm, segja ritstjórar

Illugi Jökulsson og Mikael Torfason, ritstjórar DV, hafa opinberlega lent upp á kant við siðanefnd Blaðamannafélagsins í kjölfar þess að frétt blaðsins um sorglegt dauðsfall barns á Landspítala háskólasjúkrahúss var úrskurðuð alvarlegt brot á siðareglum BÍ. Ágreiningur ritstjórnanna – enn sem komið er í það minnsta – er meira við nefndina sjálfa en reglurnar sem slíkar. Illugi Jökulsson hefur þó viðrað í samtali við Blaðamanninn ákveðnar efasemdir um sumar reglur og hvort tillitssemiskrafan í 3. gr. eigi til dæmis alltaf rétt á sér.

Í kjölfar úrskurðar siðanefndar í sumar, þar sem DV var sagt brotlegt fyrir að hafa birt nafn og mynd af Þóru Fischer, læknum sem hlut átti að máli í fréttinni, skrifuðu ritstjórnarnir grein í blað sitt þar sem þeir útskýrðu sín sjónarmið og ágreininginn við siðanefnd. Hér á eftir fer sá kafli greinarinnar sem snertir grundvallaratriði málsins, er varðar árekstur tillitssemisjónarmiða siðareglanna annars vegar og nafn- og myndbirtingarstefnu DV hins vegar. Þeim sem vilja kynna sér úrskurð siðanefndar er bent á vefsíðu félagsins, press.is. Hér á eftir fer kafli úr grein Illuga Jökulssonar og Mikael Torfasonar:

„En ekki tekur betra við. Næst segir siðanefnd – eftir að hafa hafnað þeim málfloingi LHS að ósiðlegt hafi verið í sjálfu sér að segja frá málinu:

„Eftir stendur nafn- og myndbirting. Á fundi með siðanefnd sögðu ritstjórar DV það stefnu blaðsins að birta nöfn þeirra sem um sé fjallað í fréttum nema í undantekningartilvikum, t.d. ef fórnarlamb á hlut að máli eða ef birtingin gæti vísað á fórnarlambið. Í því felist engin ásökun af hálfu blaðsins.



Illugi Jökulsson.



Mikael Torfason.

Siðanefnd telur að það hefði ekki rýrt gildi fréttarinnar þótt nafn læknisins og mynd af honum hefðu ekki verið birt og því hafi það verið óþarft.“

Stefna DV í nafna- og myndbirtingum var mjög til umræðu fyrir nokkrum mánuðum. Hún þótti „harðari“ en lengi hafði tíðkast í íslenskum fjölmiðlum og margir urðu til að saka okkur um að vera að „dæma“ fólk með því að nefna nöfn þeirra sem í fréttir komust, jafnvel í viðkvæmum og erfiðum sakamálum.

Afstaða okkar var hins vegar og er skýr og einföld. Við nefnum yfirleitt nöfn þeirra sem í fréttir komast og munum halda áfram að hamra á því að í því felist alls enginn dómur af okkar hálfu þangað til fólk skilur þetta og tekur að lesa blaðið með þann skilning í huga en ekki hugsanlega ritstjórnarstefnu annarra fjölmiðla.

Rangfærsla siðanefndar

Athugið að sá skilningur að nafnbirting í fjölmiðlum feli í sér einhvers konar dóm er ekki klöppuð í grjót eða ákveðinn á himnum. Hann er sprottinn af því hvernig íslenskir fjölmiðlar hafa hagað vinnubrögðum undanfarna áratugi. Fyrir 1960 tíðkaðist í íslenskum blöðum að birta nöfn þeirra sem við sögu komu í fréttum og enginn leit á það sem dóm. Eftir að Morgunblaðið hætti nafnbirtingum í viðkvæmum málum, nema í hæsta lagi eftir meðferð dómstóla, þá náði þessi skilningur útbreiðslu og önnur blöð tóku upp sömu vinnubrögð. Við teljum þessi vinnubrögð ástæðulaus í flestum tilfellum, þótt við birtum reyndar alls ekki ævinlega nöfn eða myndir. Það fer eftir hinum innri vinnureglum blaðsins hvenær það er gert.

Í þessu tilfelli sáum við ekkert tilfelli til að leynd nafni læknisins, Þóru Fischer. Nafngreindur maður sakaði

hana um alvarlegt gáleysi í opinberu starfi og boðaði mál á hendur henni til embættismissis. Málið var komið alla leið í lögreglurannsókn. Jafnframt stóð henni fullkomlega til boða að svara öllum þeim ásökunum sem faðir barnsins bar fram. Það kaus hún að gera ekki, sem er hennar ákvörðun en það gat ekki ráðið því hvernig blaðið sagði frá málinu.

Á ofangreindu byggist stefna DV í nafn- og myndbirtingamálum.

Að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands skuli síðan taka upp hjá sjálfri sér að dæma þessa ritstjórnarstefnu í sjálfu sér ganga í bága við siðareglur félagsins þykir okkur með hreinustu ólíkindum. Athugið hér að af hálfu blaðsins var hvergi nokkurs staðar fordæmingu að finna á Þóru Fischer í umræddri frétt. Það kom einungis fram að hún væri sá læknir sem Magnús Helgi sakaði um gáleysi í starfi og hafði reyndar a.m.k. svo mikið til síns máls að lögreglan hafði tekið að sér rannsókn málsins. Það er til dæmis algerlega úr lausu lofti gripið – og reyndar óskiljanlegt – þegar siðanefnd bætir síðan við nánast upp úr þurru: „Siðanefnd telur ekki hafa verið ástæðu til að vara við umræddum lækni.“

Það er ekkert annað en rangfærsla og hún af alvarlegra taginu að það hafi DV gert.

Hvað um mál Árna Johnsens?

Það gerði DV ekki. Blaðið gerði ekkert nema leyfa Magnúsi Helga að tala sínu máli. Siðanefnd er því í raun að lýsa sjálfa ritstjórnarstefnu blaðsins ósiðlega þótt hún skjóti sér bak við tilbúning eins og þennan.

Og við getum ekki tekið mark á siðanefnd sem ætlar að taka að sér að gera útlæga þá stefnu sem við fylgjum við ritstjórn blaðsins, allra sist ef rökstuðningurinn er ekki merkilegri en þetta: „Siðanefnd telur að það

hefði EKKI rýrt gildi fréttarinnar þótt nafn læknisins og mynd af honum hefðu EKKI verið birt ...“ (leturbreytingar okkar) Með nákvæmlega sama „rökstuðningi“ mætti t.d. halda því fram að það hefði ekki „rýrt gildi fréttarinnar“ af alþingismanninum sem stal byggingarefninu þótt nafn hans væri ekki nefnt fyrir en dómur félli; það



mætti líka halda því fram að það hefði engan veginn „rýrt gildi fréttarinnar“ af fjárdrætti innan Landsímans þótt nafn hans eða þeirra sem nutu góðs af fjárdrættinum væri ekki nefnt fyrir en þá eftir að dómstólar hefðu kveðið upp úrskurð.

Athugasemdir sem einhverjir kynnu að hafa við fréttatflutning af ofangreindum málum snúast hins vegar um ritstjórnarstefnu fjölmiðla, ekki hvort þeir hafa gerst brotlegir við siðareglur með því einu að nefna nöfn manna sem ekki hafa verið dæmdir. Og á sama hátt snýst kæra LHS og hinn einkennilegi úrskurður siðanefndar eingöngu um ritstjórnarstefnu DV en ekki brot á siðareglum. Þar sem ekkert í umfjöllun blaðsins var nokkurs konar dómsáfelling yfir Þóru Fischer, heldur eingöngu frásögn af því að hún væri í miðpunkti máls sem siðanefnd sjálf hefur sagt að full ástæða væri til að segja frá.

Siðanefnd fellir dóm

Siðanefnd bitur svo hausinn af skömminni með einni setningu í úrskurði sínum sem á að rökstyðja það að „óþarft“ hafi verið að birta nafn læknisins. Því þar segir:

„Í kærinni kemur fram að andlát barnsins hafi verið óhappatilvik enda legvatnsástunga alltaf áhættusöm aðgerð.“

Hvað í veröldinni á þetta að þýða? Vissulega er því haldið fram í kæru LHS að um „óhapp“ hafi verið að ræða. En þessi setning í umfjöllun siðanefndar virðist gefa til kynna að um *staðreynd* sé að ræða. Þetta hafi bara verið sorglegt óhapp, ekkert annað. Hvað veit siðanefnd um það? Hvernig í ósköpunum getur siðanefnd Blaðamannafélags Íslands tekið upp hjá sjálfri sér að fella þann *dóm* að andlát barnsins hafi bara verið óhapp? Hvers vegna tekur siðanefnd svo fortaklaust mark á fullyrðingu í kæru LHS? Þó svo að málið sé komið til lögreglu til rannsóknar og faðirinn Magnús Helgi hafi ekki aðeins í viðtalinu í DV heldur nú síðast í tveimur greinum í Morgunblaðinu lýst þeirri eindregnu skoðun sinni að margt verulega athugasemdi hafi verið við bæði andlát barnsins og ekki síður viðbrögð LHS.

Með þessari setningu – sem virðist vera grundvöllurinn að þeirri niðurstöðu siðanefndar að DV hafi gerst brotlegt við siðareglur – hefur siðanefndin fellt dóm varðandi ástæðurnar fyrir andláti barnsins. Í sársaukafullu máli foreldranna gegn kerfinu og læknum.

Sem DV gerði t.d. aldrei þótt blaðið leyfði Magnúsi Helga að tala sínu máli.

Þó ekki væri nema út af þessari einu setningu hefur siðanefnd spilað rassinn algerlega úr buxunum.

Og úrskurður hennar að engu hafandi.“

Mikael Torfason
Illugi Jökulsson

Siðareglur blaðamanna

Karl Blöndal aðstoðarritstjóri og Björn Vignir Sigurpálsson fréttarítstjóri á Morgunblaðinu skrifa

Siðareglur blaðamanna eiga að vera almennar. Siðanefndin er ekki dómstóll heldur úrskurðaraðili um fagleg vinnubrögð. Lagalegs réttar hins leita menn innan dómkerfisins.

Siðareglur eiga að gefa hverjum fjölmiðli visst svigrúm til að halda fram sínum áherslum í efnis- og fréttaframsetningu, allt eftir eðli hvers fjölmiðils og stöðu á markaði. Hver fjölmiðill markar sér óhjákvæmilega bás

á fjölmiðlamarkaðinum og þarf að hafa til þess ákveðið frjálsræði allt eftir áherslum í efni og fréttum.

Eðlilega þurfa þessar reglur að taka mið af þessum almennu siðareglum sem blaðamenn hafa sett sér. Reglurnar í dag gefa að sönnu talsvert svigrúm í túlkun en grundvallaratriðin liggja fyrir. Þar eru hins vegar álitafærin fjölmörg en við höfum siðanefnd til að skera úr um þau. Ef menn sætta sig ekki við úrskurð hennar eða telja sig ekki fá uppreisn æru eftir þeirri leið er almenna dómstólaleiðin alltaf fær. Dómahefð meidyrðalög-gjafarinnar er að vísu býsna væg hér á landi, amk. enn sem komið er, úrskurðum siðanefndar fylgja engin viðurlög nema birting í fagriti- og vef blaðamanna en með aukinni ágengni fjölmiðla í mynd- og nafnbirtingum er ekki ólíklegt að viðurlög dómkerfisins í málum af þessu tagi breytist; samfélaginu er jafnan ofboðið á einhverju stigi málsins þegar fram af því er gengið, líkt og sjá hefur mátt merki um í þróun dóma vegna kynferðisafbrot- og fíkniefnadóma á síðustu árum.

Þróunin í löndunum í kringum okkur hefur verið í þá átt að taka æ harðar á ágengri og óvæginni blaðamennsku af hálfu almennra dómstóla, svo fremi að fjölmiðlarnir hafi ekki allt sitt á hreinu varðandi staðreyndir og



Karl Blöndal.



Björn Vignir Sigurpálsson.

sönnunarbyrði mála. Það er t.d. merkilegt að koma inn á ritstjórnarskrifstofur þess virðulega og áreiðanlega blaðs The Daily Telegraph og uppgötva að næstu tveir ritstjórnarbasar við fréttarítstjórnann eru setnir af lögfræðingum sem fara yfir allt það sem þeir telja hugsanlega geta valdið blaðinu málsókn. Á þó bresk blaðamennska sér hvað lengsta sögu í ágengri, gulri og áreitinni blaðamennsku, og hefur jafnvel fengið heilbrigðisvottorð frá ekki ómerkara gæðatimariti en The Economist um lýðræðislega nauðsyn gulu pressunar þar í landi þar sem hún geti stungið á kylum þjóðfélagsins þegar betri blöðin verða að halda sig til hlés vegna fréttareglna eða hagsmunatengsla. Þetta frelsi hafa þó sum blöð eða tímarit þurft að kaupa dýru verði – til eru tiltölulega ný dæmi að útgáfur hafi orðið gjaldþrota eftir svo þungar fjársektir í meidyrðadómum að þær risu ekki undir þeim.

Ekki er séð fyrir endann á því hvaða áhrif Karólínudómurinn svonefndi kann að hafa á evrópskan blaðaheim, en þar var sakfellt fyrir að birta myndir af prinsessunni af Mónakó í einkaerindum eða öllu heldur einkalífi en ekki opinberum athöfnum. Samtök þýskra tímaritaútgefenda hafa skorað á þarland

stjórnvöld að áfrýja dómnum til yfirdeildar mannréttindadómstólsins en þau hafa ákveðið að gera það ekki. Þýskur stjórnlagadómari hefur sagt að standi dómurinn „snerti (hann) í núverandi formi ekki einungis einhver afbrigði blaðamennsku heldur kjarnann í hlutverki fjölmiðla.“

Dómurinn eins og hann liggur nú fyrir hefur væntanlega víðtæk áhrif á evrópska fjölmiðlun vegna fordæmisgildis.

Hér varðar hann að því er sýnir fyrst og fremst 3ju grein siðareglna blaðamanna þar sem segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“ Og að hluta til í 4rðu grein: „Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennir hagsmunir borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar.“

Þessi ákvæði siðareglnanna eru nokkuð opin fyrir túlkun, og vilji menn endurskoða siðareglurnar m.a. út frá dómi Mannréttindadómstólsins virðist sú endurskoðun einkum hljóta að felast í því að skerpa á þessum ákvæðum.

Hin leiðin er að eftirláta almennum dómstólum að draga velsæmismörkin í umfjöllun fjölmiðla um „opinbert“ fólk sem væntanlega myndi gerast skref fyrir skref eftir því sem dómum af þessu tagi fjölgaði. Það er alveg ljós að dómur Mannréttindadómstólsins felur í sér ákveðna viðvörðun til fjölmiðla, einkanlega þeirra sem fram fara af meiri áráðni í þessum efnum en aðrir, og þeir verða væntanlega að vera undir það búnir að kosta meiru til að verja sig fyrir bragðið.

Innanhúss- og vinnureglur á einstökum vinnustöðum

Nær allir íslenskir fjölmiðlar hafa sett sér einhverjar innanhússreglur eða vinnureglur til viðbótar þeim almennu leiðbeiningum sem finna má í siðareglum blaðamanna. Þessar reglur eru ýmist skráðar eða óskráðar og misjafnt er hversu formleg kynning fer fram á þessum reglum á ritstjórnunum.

Þannig er greinilegt af samtölum við forráðamenn ritstjórnanna að það er ekki endilega beint samhengi milli þess hve formlegar reglurnar eru og þess hversu vel kynntar þær eru. Hins vegar er ljóst að fréttastjórar og vaktstjórar og aðrir þeir sem segja má að séu „síðustu öryggis-

ventlar“ ritstjórnarinnar áður en tiltekið efni er birt, eru meðvitaðir um þessar reglur og beita þeim meðvitað og ómeðvitað í vinnu sinni. Hér á eftir verður gerð til raun til að safna saman mikilvægustu atriðum þeirra innanhússreglna sem í gildi eru á hverjum miðli fyrir sig. Í þeim tilvikum sem um skrifaðar reglur er að ræða verða þær reglur birtar í heild sinni, en þar sem ekki er um slíkt að ræða verður endursögn af helstu reglunum að duga.

Af stóru miðlunum eru það Morgunblaðið og DV sem ekki hafa sett saman á einn stað skrifaðar innanhússreglur eða vinnureglur sem líta má á sem útfærslu á siðareglum.

Morgunblaðið - kjarni málsins!

Þrátt fyrir að þær séu ekki til skrifaðar á einum stað eru í gildi margar innanhúss- eða vinnureglur á Morgunblaðinu varðandi þessi atriði. Þannig hefur Morgunblaðið t.d. þá almennu vinnureglu að þiggja ekki boðsferðir frá einkafyrirtækjum, og ef ákveðið er að fara með í fjölmiðlaferðir þá greiðir Morgunblaðið fyrir ferð síns manns, en þiggur hana ekki úr hendi einkafyrirtækis.

Sé hins vegar um að ræða ferð á vegum opinbers aðila eða stofnunar eru slíkar ferðir stundum þegnar, en tekin afstaða til þess í hverju tilfelli fyrir sig. Bílaboðsferðir eru þó undantekning frá þessari reglu þar sem um reynsluakstur er að ræða og er lítið svo á að um þjónustu við lesendur sé að ræða.

Varðandi nafn- og myndbirtingar hefur Morgunblaðið jafnframt mjög fastmótaðar reglur. Björn Vignir Sigurpálsson fréttaritstjóri hefur lýst þessum reglum svo á press.is:

„Meginreglan er að nöfn manna

eru ekki birt nema að dómur sé fallinn, sem feli í sér amk. tveggja ára fangelsi. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða stórfelld afbrotamál, t.d. morðmál, þar sem játning liggur fyrir.

Þá birtum við nafn þess sem játað hefur á sig sakir.

Hins vegar hafa í árána rás ævinlega komið upp kringumstæður þar sem framangreind meginregla hefur orðið að víkja og Morgunblaðið hefur ekki talið sér annað fært en birta nöfn fólks þótt

mál þess hafi verið enn á rannsóknarstigi. Ástæðan er auðvitað sú að um er að ræða mál af þeirri stærðargráðu að segja má að þjóðfélagið sé allt undirlagt, nöfnin hvort eð er komin í slík hárnæli að það væri bókstaflega vandræðalegt að halda sig við meginregluna. Þetta átti til að mynda við í Geirfinns- og Guðmundarmálum hér í fyrri tíð, í Hafskipsmálinu á sínum tíma, í máli Árna Johnsen og kannski nú síðast í skatt-rannsóknarmáli Jóns Ólafssonar, að ógleymdu Neskaupstaðarmálinu ... Allt sýnir þetta að þó menn setji sér meginreglu þá verður hún að taka mið af aðstæðum – í þessu tilfelli hefði það verið óþolandi staða fyrir

Morgunblaðið að nefna ekki nöfnin meðan þau voru á flugi allt um kring...

Ég tel hins vegar gott að hafa þessa meginreglu Morgunblaðsins um 2ja ára fangelsi. Að baki liggur það sjónarmið að þeir sem fá vægari dóma gangi ekki út í lífið fyrir veigaminni brot með nafnbirtingu á bakinu fyrir lífstíð. Að baki strangra reglna um nafnbirtingu í rannsóknar- eða dómsmeðferð liggur einnig sú hugsun að enginn sé sekur fyrr en sekt hans hefur verið sönnuð, játning í alvarlegustu sakamálanum er hins vegar ávísun á nafnbirtingu. En meginreglan getur ekki verið einhlit – maður getur aldrei ofurselt fréttamatíð einhverri meginreglu heldur verður að vera til sá sveigjanleiki að vissar aðstæður, málavextir eða kringumstæður kalli á að brugðið sé út af meginreglunni. Og 2ja ára meginreglan er heldur ekki algild á hinn veginn – að alltaf séu birt nöfn þeirra sem hljóta svo þunga dóma. Ef til dæmis í nauðgunar- eða sífjaspells- málum eru einhverjar líkur á að nafnbirting sakamannsins geti vísað á fórnarlambið eða fórnarlömbin þá er vikið frá meginreglunni. Þannig virkar þetta í báðar áttir. Meginreglan er þannig meginregla þegar við erum að fást við svona hluti sem við getum kallað rútínu. Þegar frávik verða frá rútínunni setjumst við yfir það, tölum saman, viðrum mismunandi sjónarmið og náum niðurstöðu. Þannig verður þetta að gerast.“





Hjá DV hefur það fyrst og síðast verið nafn- og myndbirtingarreglan sem vakið hefur athygli, enda hefur blaðið farið inn á nýjar slóðir í þeim efnum. Ekki munu vera til staðar skrifaðar innanhússreglur á DV eins og t.d. á Fréttablaðinu þó svo að óskráðar

reglur séu vissulega sagðar í gildi. Í grein um ritstjórnarstefnu DV hér annars staðar í blaðinu er að finna útlistun ritstjórnanna sjálfra á nafnbirtingarstefnu blaðsins, en því til viðbótar er vert að rifja upp viðtal sem press.is átti við Illuga Jökulsson um þau mál fyrir nokkrum mánuðum. Þar kom fram hjá Illuga að DV hefur þá almennu reglu að birta nöfn allra þeirra sem blaðið fjallar um og frétt næm þykja, nema í

undantekningartilfellum. Gildir þá einu hvort fréttirnar fjalla um svokallaðar opinberar persónur eða ekki. Um það hvort nöfn Jóns og Gunnu yrðu undantekningarlaust birt sagði Illugi: „Ef fréttirnar snúast um Jón og Gunnu, þá snúast fréttirnar um Jón og Gunnu.“ Hann sagði blaðið hafa sett sér ákveðnar reglur eða viðmið um nafn- og myndbirtingar, en telur ekki ástæðu til að kynna þær opinberlega.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið hefur sett sér skrifaða síðaskrá sem upphaflega mun hafa verið skrifuð þegar Jónas Kristjánsson var ritstjóri ásamt Gunnari Smára Egilssyni. Er síðaskráin þó enn í fullu gildi og er hún eftirfarandi:

Síðaskrá Fréttablaðsins

Auglýsendur: Hagsmunir auglýsenda eru ekki hafðir til hljóðjónar við vinnslu og birtingu efnis í blaðinu.

Bein ræða: Bein ræða er aðeins notuð, þegar heimild er nafngreind. Fjölmiðill eða hluti hans telst heimild í þessu samhengi. Ummæli fólks í skoðanakönnunum Fréttablaðsins mega birtast nafnlaus, enda eru nöfnin ekki þekkt. Málfar er stundum lagað í beinni ræðu, en ekki breytt merkingu hennar.

Blekkingar: Starfsfólk ritstjórnar villir ekki á sér heimildir, þegar það aflar fréttar.

Bréfsefni: Starfsfólk ritstjórnar notar ekki bréfsefni eða önnur einkenni blaðsins í óviðkomandi skyni.

Börn: Sérstök aðgát er viðhöfð, þegar myndir eru teknar af börnum eða talað við þau. Yfirmenn ritstjórnar eru látnir vita. Sérstök áherzla er lögð á hagsmuni barna í kynferðisbrotamálum.

Efnisflokkun: Greint er á milli fréttar, skoðana og afþreyingar í blaðinu og efnið birt á mismunandi stöðum í blaðinu. Auglýsingar eru aðgreindar frá öðru efni blaðsins.

Einkamál: Ekki eru birtar upplýsingar um einkahagi fólks, svo sem um kynhegðun þess, lyfjanotkun, vímu-

efnanotkun og félagsleg og fjárhagsleg vandamál, nema viðkomandi aðilar séu opinberar persónur eða vilji sjálfir skýra mál sitt á vegum fjölmiðla. Fyrirtæki teljast ekki til persóna í þessum skilningi. Til dæmis er fjallað um fjárhagsleg vandamál fyrirtækja.

Fjölmeili: Starfsfólk ritstjórnar forðast efnistösk, sem stríða gegn lögum um fjölmeili.

Fríferðir: Yfirmenn ritstjórnar taka ákvarðanir um, hvort þiggja skuli ókeypis ferðir eða gistingu, og hafna slíkum boðum, ef þeim fylgja skuldbindingar.

Ef efni er birt



í tengslum við ókeypis ferðir eða gistingu starfsmanna ritstjórnar, er sagt frá því í textanum. Makar, fjölskylda eða vinir starfsmanna ritstjórnar fara ekki með þeim í ofangreindar fríferðir.

Frægð: Starfsmenn og helztu aðstandendur blaðsins eru ekki frægðarfólk til umfjöllunar í blaðinu.

Gjafir: Starfsfólk ritstjórnar þiggur sem slíkt ekki persónulegar gjafir og segir yfirmönnum frá tilraunum til þeirra.

Greiðslur: Fréttablaðið greiðir ekki

fyrir rétt til efnis nema viðurkenndum aðilum á því sviði.

Hagsmunir: Starfsfólk ritstjórnar lætur yfirmenn vita um hugsanlega hagsmunaárekstra vegna fjölskyldna sinna og tengdafólks, áhugamála sinna, félagstengsla og fjármála.

Starfsfólk ritstjórnar notar ekki upplýsingar úr starfi í eiginhagsmunaskyni, t.d. til viðskipta með hlutabréf, og skrifar ekki um fyrirtæki, sem það á hlut í. Starfsfólk ritstjórnar getur ekki vinnustaðar síns til að afla sér betri þjónustu úti í bæ.

Happdrætti: Starfsmenn og nánustu skyldmenn þeirra geta ekki unnið til verðlauna í uppkomum fyrir lesendur. Heimildamenn: Starfsfólk ritstjórnar gætir trúnaðar við heimildamenn. Heimildamenn eru hvattir til að koma fram undir nafni.

Hlutverk: Starfsfólk ritstjórnar ber undir yfirmenn sína, ef það hefur áhuga á að taka að sér opinbert hlutverk, svo sem að stjórna fundum og vera falið að taka þátt í umræðu á fundum eða taka að sér önnur verkefni, sem gætu haft áhrif á starf þess á ritstjórn.

Hugbúnaður: Starfsfólk ritstjórnar safnar ekki ólöglega fengnum hugbúnaði á tölvur blaðsins.

Höfundaréttur: Orðréttra heimilda er jafnan getið.

Leiðréttingar: Efnislegar villur eru leiðréttaðar í stuttu máli við fyrsta tækifæri á föstum stað í blaðinu. Starfsfólk ritstjórnar lætur yfirmenn sína vita af gagnrýni á texta blaðsins.

Ljósmyndir: Breyttar og samsettar ljósmyndir eru sérstaklega auðkenndar sem slíkar.

Málfar: Texti blaðsins er skrifaður á góðri íslenzku, sem er skiljanleg öllum almenningi, en ekki á sér máli stofnana eða stétta.

Meðmæli: Starfsfólk ritstjórnar mælir ekki með vörum og þjónustu í auglýsingum án leyfis yfirmanna.

Myndbirtingar: Sömu reglur gilda og um nafnbirtingar (sjá hér að neðan).

Nafnbirtingar: Í tengslum við kærur, ákærur og dóma eru fremur birt nöfn manna í líkamlegum ofbeldismálum heldur en í málum af fjárhagslegum toga. Hafa verður þó í huga, að í siðara tilvikinu er nafnleynd oft marklítill, af því mörg fjárhagsleg mál tengjast atvinnurekstri á þann hátt, að nöfn manna eru þegar kunn þeim, sem vita vilja eða nota viðskipta-handbækur. Þegar persónur sæta kæru, fer eftir mikilvægi málsins og kringumstæðum þess, til dæmis brotasögu viðkomandi aðila, hvort aðilar eru nafngreindir. Almenna reglan er sú, sem notuð er í yfirgnæfandi meirihluta tilvika, að birta ekki nöfn á slíku stigi. Undantekningar gætu verið margdæmdir sí-



brotamenn í ofbeldismálum eða forsvarmenn og aðrir talsmenn nafngreindra fyrirtækja. Ef um opinbera ákæru er að ræða, eru meiri líkur á, að aðilar séu nafngreindir, en eigi að siður þurfa birtingarástæður í því tilviki að vera nokkuð knýjandi. Dæmi um það væri ákæra á mann með brotasögu í ofbeldismálum eða lykilmáður í nafngreindu fyrirtæki.

Þegar dómur er birtur, eru aðilar málsins yfirleitt nafngreindir, enda er þá ekki lengur um einkamál að ræða.

Undantekningar byggjast einkum á hagsmunum brotþola í málinu. Dæmi um það gætu verið í sífjaspells-málum. Stundum er frestað birtingu nafna um tíma, einkum fólks, sem farið hefur í slysum. Þetta gerir blaðið í samráði við aðra aðila, sem koma að málinu, svo sem presta. Slík frestun kemur síður til greina, ef hún gæti valdið óþægindum hjá aðstandendum annarra, sem af komust í slysinu.

Ekki eru birt nöfn þolenda kynferðisbrota.

Ekki verður komið í veg fyrir, að þessar reglur skilji eftir grá svæði. Í slíkum tilvikum ræða yfirmenn á ritstjórn sinn á milli, áður en ákvörðun er tekin.

Nákvæmni: Starfsfólk ritstjórnar gætir þess, að rétt

sé farið með hvert smáatriði í blaðinu. **Nýbúar:** Sérstök aðgát er höfð við að geta uppruna eða þjóðernis fólks, ef það varðar ekki málefni.

Orðaval: Ekki eru notuð móðgandi orð eða blótsyrði utan beinnar ræðu nema málefnið kalli beinlínis á slíkt. Um slíkt atriði er rætt við yfirmenn ritstjórnar.

Óhlutdrægni: Ekki er dreginn taumur málsaðila í fréttum.

Gætt er jafnvægis milli sjónarmiða innan skamms tímabils.

Forðast er að skrúfa einhliða frá krana eins sjónarmiðs í einu tölublaði án þess að geta hinna sjónarmiða málsins í leiðinni.

Rannsóknir: Hafa þarf tvo sjálfstæða heimildarmenn frá fyrstu hendi að sérhverri viðkvæmri frétt, sem fæst með aðferðum rannsóknablaðamennsku. Viðkomandi yfirvald getur talizt vera næg heimild, þótt það sé eitt til frásagnar.

Það telst ekki vera heimildarmaður, sem ber frétt milli heimildarmanns og rannsóknablaðamanns. Viðkvæm er sú frétt, sem hlutaðeigendur reyna af einhverjum ástæðum að halda leyndri fyrir fjölmiðlum eða getur orðið tilefni málsóknar á hendur fjölmiðlinum eða starfsfólki hans.

Reglan nær ekki aðeins til fréttu, sem ætlunin er að halda leyndum yfirleitt, heldur líka til þeirra fréttu, sem ætlunin er að gefa frjálssar að ákveðnum umþóttunartíma liðnum.

Ritskoðun: Enginn fær send afrit af óbirtu efni. Ef viðmælendur óska, eru lesnir upp fyrir þá þeir kaflar, þar sem vitnað er í þá sjálfa í beinni eða óbeinni ræðu.

Ekki er aflað viðtals með því að gefa kost á ritskoðun viðtalsins.

Segulbönd: Starfsfólk ritstjórnar notar ekki leyndan hlerunarbúnað.

Viðtöl eru tekin á segulband til að tryggja nákvæmni í efni blaðsins.

Sjálfsvíg: Ekki er sagt frá sjálfsvígum sem slíkum í blaðinu.

Sorg: Farið er varlega að fólki, sem hefur orðið fyrir áfalli.

Traust: Starfsfólk ritstjórnar gætir þess í öllum sínum verkum að efla traust lesenda á fjölmiðlinum og starfsfólki hans.



Ríkisútvarpið, bæði sjónvarp og hljóðvarp, býr við lang ítarlegustu innanhússreglur varðandi siðferðileg álitamál sem upp kunna að koma. Segja má að reglurnar skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi eru það löggin sjálf um fréttastofurnar, sem ekki verður fjallað um sérstaklega hér. Í öðru lagi eru það „Reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins“, sem

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri setti formlega 1. mars 1989. Í þriðja lagi er um að ræða ítarlegt skjal frá Boga Ágústssyni yfirmanni fréttasviðs sem heitir „Leiðbeiningar fyrir starfsfólk fréttastofu Sjónvarps – almennar reglur og vinnuleiðbeiningar“. Þó svo að fram komi í heiti regnanna að um sé að ræða fréttastofu Sjónvarps eiga reglurnar þó líka í aðalatriðum við um hljóðvarpið. Þessar reglur voru fyrst settar 1990 og síðan endurskoðaðar í september 1995. Þessum reglum til við-

bótar má svo geta þess að til eru skrifaðar reglur um þátttöku frambjóðenda í kosningum um þátttöku í dagskrá RÚV. Hér á eftir fara þau tvö grunnskjöl sem mynda innanhússreglur RÚV:

Reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins

INNGANGUR

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifið.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

Ríkisútvarpið skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dag-skrárgerð.

Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttabjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum, sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

Allt íslenskt tal og texti í dag-skrám Ríkisútvarpsins skal vera á lýtalausum máli.

I. REGLUR UM FRÉTTAFLUTNING

1. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaskýringar um hvaðeina, sem að dómi fréttastofa þess hefur almennt fréttagildi.

Fréttir skal flytja eins skjótt og framast er unnt. Þó má hraði hvorki vera á kostnað nákvæmni né tillitssemi sbr. 8.-10. gr.

Fréttir skulu skrifaðar og fluttar á lýtalausri íslensku.

2. gr.

Í fréttum, sem Ríkisútvarpið flytur, mega ekki felast neins konar ádeilur eða hlutdrægar umsagnir, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

Við birtingu fréttar af deilum eða viðtækum ágreiningsmálum skal leita upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og leitast við að kynna sjónarmið þeirra sem jafnast.

3. gr.

Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum og skulu ávallt kynnt nöfn höfundar slíkra skýringa. Eins skal farið með umsagnir, sem fluttar eru í fréttatímum um menningar- og listviðburði. Í fréttaskýringum og umsögnum

skal gæta sömu sjónarmiða um óhlutdrægni og fylgja ber í fréttum.

4. gr.

Fréttamenn skulu jafnan gæta þess, að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi. Virða ber trúnað við heimildarmenn, bæði að því er varðar nafnleynd þeirra og trúnaðarupplýsingar.

Birting upplýsinga í öðrum fjölmiðlum leysir fréttamenn Ríkisútvarpsins ekki undan kvöð um gagnrýnið mat á sömu upplýsingum eða heimildum fyrir þeim.

5. gr.

Fréttamönnum ber að vera á verði gagnvart hvers kyns tilraunum heimildarmanna og annarra utanaðkomandi aðila til að hafa áhrif á fréttamat og vinnslu fréttar.

Fréttamenn skulu vera á verði gagnvart hugsanlegum tengslum milli veittra upplýsinga og hagsmuna heimildarmanna.

6. gr.

Varast skal óbeinar auglýsingar í formi upplýsinga, sem til þess eru sérstaklega fallnar að hvetja eða letja til kaupa á tiltekinni vöru eða þjónustu umfram aðra sama eðlis.

7. gr.

Beinar auglýsingar mega ekki birtast í fréttum, nema þær verði starfsemi sjálfs Ríkisútvarpsins.

8. gr.

Fréttamönnum ber að sýna fyllstu tillitssemi í viðkvæmum málum. Þeim ber að forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki eða þeim, sem eiga um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

9. gr.

Alla jafna skulu ekki birt nöfn þeirra, sem farast af slysförum, fyrr en ætla má, að nánustu vandamenn viti um

atburðina. Ekki er þó skylt að biða með birtingu lengur en sólarhring.

10. gr.

Sýna ber sérstaka gát, þegar rætt er við fólk, sem ætla má, að geri sér ekki grein fyrir áhrifum eða afleiðingum þeirra orða, sem það lætur falla. Sem dæmi má taka fólk, sem er í uppnámi eða geðshræringu vegna atburða, sem það hefur blandast í eða orðið vitni að.

Fréttamönnum ber að sýna sérstaka varkærni í beinum sendingum af vettvangi, þar sem slys eða óhöpp hafa átt sér stað, og í öðrum beinum útsendingum, þegar rás viðburða snýst á annan og verri veg en ætlað var í upphafi.

11. gr.

Í frásögnum af dóms- og refsímálum skal ávallt virt sú meginregla, að hver maður skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð þar sem það er hlutverk dómstóla, en ekki fjölmiðla að fella refsidóma yfir mönnum.

12. gr.

Viðhafa skal sérstaka varúð varðandi nafn- og myndbirtingar í fréttum um dóms- og refsímál.

Ekki skal birta nöfn eða myndir grunaðra manna eða kærðra nema með samþykki fréttastjóra eða staðgengils hans.

13. gr.


Sjálfsvíg og tilraunir til sjálfsviga eru ekki fréttæfni að öllu jöfnu.

14. gr.

Óheimilt er að flytja ummæli manns, hvort sem er í frásögn, hljóð- eða myndritun, nema sá hafi vitað, að fréttamaður var viðstaddur, er orð hans féllu, eða ummælin hafi verið viðhöfð á mannfundi, sem öllum var heimill aðgangur að. Óheimilt er og að útvarpa án leyfis samtali, ef viðmælandi fréttamanns vissi ekki að það var hljóð- eða myndritað.

Þeim, sem fréttamaður á viðtal við, skal gert ljóst, að hugsanlega verði aðeins fluttur hluti samtalsins.

Þegar viðtöl eða önnur ummæli manna eru stýtt í fréttavinnslu eða



endursögð, skal þess gætt, að þau slitni ekki úr samhengi og verði óljós eða villandi.

15. gr.

Við val fréttamynda skal þess vandlega gætt, að þær gefi sem sannasta mynd af þeim atvikum eða atburðum, sem sýna á, og forðast ber hvers konar afmyndun. Sama regla gildir um hvers konar hljóðnotkun.

Þegar notaðar eru myndir úr safni Sjónvarps með nýjum fréttum skal þess getið, að um safnefni sé að ræða, ef ætla má, að þær geti ella valdið misskilningi.

II. UM EFNISÞÆTTI FRÉTTA

16. gr.

Ríkisútvarpið leggur áherslu á að flytja sem fyllstar frásagnir um atvinnuvegi landsins á hverjum tíma, afkomu þeirra, nýjungar, ástand á vinnumarkaði og afkomu þjóðarbúsins í heild. Ennfremur um félags- og fræðslumál, heilbrigðis- og menningarmál og aðra helstu þætti þjóðmála.

17. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttauka af störfum Alþingis eftir almennu fréttagildi.

18. gr.

Ríkisútvarpið flytur eftir atvikum fréttir af helstu athöfnum og ákvörðunum ríkisstjórnar og sveitarstjórna, svo og um afstöðu stjórnarandstöðuflokka í veigamestu málum.

Ríkisútvarpið flytur frásagnir af þingmálafundum, stjórnsmálafundum, opnum eða lokuðum flokksfundum eða ráðstefnum, aðalfundum, fundum stéttarfélaganna eða annarra samtaka og félaga eftir almennu fréttagildi.

19. gr.

Um rannsókn á opinberum málum vegna brota á almennum hegningarlögum, öðrum lögum eða lögreglusamþykktum, svo og um opinberar ákærur og í kjölfar þeirra dómstöður, er getið í fréttum, ef mál þykir mikils varðandi og hafa fréttagildi. Sömu sjónarmið skulu gilda um fregnir af málshöfðunum og málsúrslitum í öðrum dómsmálum.

20. gr.

Ríkisútvarpið skal kappkosta að flytja fréttir og fréttaskýringar af erlendum vettvangi.

21. gr.

Ríkisútvarpið segir fréttir af hvers konar vísindastörfum, lista- og menningarlífi, útgáfu nýrra bóka, hljóðritana, blaða og tímarita, allt með hliðsjón af hinum lögbundnu meginreglum um hlutverk Ríkisútvarpsins og samkvæmt almennu fréttamati.



22. gr.

Ekki má geta í fréttum Ríkisútvarpsins af mæli manns fyrr en hann nær sjötugsaldri, nema til komi sérstakar stæður.

Heimilt er að geta um hjúskapar-afmæli, minnst 50 ára.

III LEIÐRÉTTINGAR

23. gr.

Fréttastofur Ríkisútvarpsins skulu leiðréttar ranghermi um staðreyndir, sem fram kemur í fréttum eða fréttaskýringum. Leiðréttingu skal birta svo fljótt sem auðið er og skal leitast við að birta hana í sambærilegum fréttatíma.

Ef um er að ræða tilvitnun í orð nafngreinds manns, þá skal viðkomandi heimilt að orða sjálfur stutta athugasemd. Ef unnt er, skal forðast að endurtaka í leiðréttingu það, sem rangfært var.

24. gr.

Skyllt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í fréttum, í té afrit af upptökuþeirrar útsendingar, ef hann krefst

þess skriflega meðan varðveisluskylda á viðkomandi efni helst, enda greiði hann kostnaðarverð mynd- eða hljóðbands þess, sem honum er látið í té.

Reglur þessar um fréttaflytning Ríkisútvarpsins skulu gilda fyrir fréttastofur Ríkisútvarpsins og jafnframt eftir því, sem við á um fréttatengt efni, sem unnið er og útvarpað á vegum annarra deilda Ríkisútvarpsins.

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk fréttastofu

I. ALMENN ATRIÐI

Fréttastofa Sjónvarpsins annast fréttaflytning í Sjónvarpi skv. því sem útvarpslög og reglugerðir þar að lútandi kveða á um og skal birta svo sannar og réttar fréttir af atburðum sem nokkur kostur er.

Marktækar skoðanakannanir sýna að fréttastofan nýtur almenns trausts sem áreiðanlegur fréttamiðill. Slik tiltrú er mikilsverð til þess að Fréttastofan fái sinnt hlutverki sínu sem best. Þess vegna skal kapp-

kosta að því að viðhalda henni. Nákvæmni, hlutlægni og heiðarleiki í starfi eru nokkrar forsendur þess að fréttastofan og þættir á vegum hennar haldi trausti og virðingu almennings.

Fréttagildi, eins og það er metið á hverjum tíma, skal ráða hvort mál er tekið upp eða ekki. Fréttastofan skal ekki taka upp mál til umfjöllunar í þeim tilgangi að hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins né einstakra þátta þess.

Á hinn bóginn má það ekki koma í veg fyrir umfjöllun að fréttamenn viti að frétt um málið muni óhjákvæmlega hafa áhrif, hvort sem er til góðs eða illis fyrir einhverja aðila, né heldur hvort einhverjir aðilar geti hagnast eða skaðast fjárhagslega. Fréttagildið er og verður það sem ræður því hvort fréttastofa Sjónvarps fjallar um mál eða ekki.

II. FRAMKOMA, SIÐIR, VENJUR

Fréttamenn skulu kynna sér vel og virða útvarpslög og reglugerð stofnunarinnar um fréttaflytning. Fréttastofur

menn skulu hafa í huga og taka mið af síðareglum Blaðamannafélags Íslands eftir því sem við á.

Þegar fréttamenn eru í fréttaoöflun skulu þeir ætíð kynna sig í síma og gera grein fyrir að þeir séu að vinna fyrir Fréttastofu Sjónvarps.

Viðmælanda skal ætíð fyrirfram gerð grein fyrir því ef samtali er tekið upp. Samkvæmt landslögum er bannað að taka upp samtali í síma án þess að viðmælandi viti af því.

Fréttamenn skulu ætíð gæta þess að koma fram við viðmælendur af fyllstu kurteisi og reyna að halda stillingu sinni þó að framkoma viðmælanda gefi tilefni til annars. Þegar fréttamenn eru á vettvangi í fréttaoöflun skulu þeir og gæta þess að koma fram við alla af fyllstu kurteisi og muna að lítið er á þá sem fulltrúa Fréttastofunnar og Ríkisútvarpsins í heild.

Fréttamenn skulu skýra viðmælendum og heimildarmönnum frá því með hvaða hætti viðtöl eða upplýsingar frá þeim verði notaðar, um hvað fréttin (þátturinn) snúist. Jafnframt skal skýrt frá því að viðtöl verði hugsanlega stýtt. Setji viðmælendur eða heimildarmenn skilyrði fyrir þátttöku sinni verður að gera þeim undanbragðalaust grein fyrir því ef Fréttastofan getur ekki fallist á skilyrta þátttöku.

Ekki má fá fólk í viðtöl eða til að gefa upplýsingar á fólkskum forsendum.

Fólk hefur fullan rétt til að neita viðtölum eða þátttöku. Fréttastofan hefur einnig fullan rétt til að skýra frá slíkri neitun, en sé það gert verður að gæta fulls réttlætis gagnvart þeim sem undan skorast.

Óski viðmælandi eftir því að endurtaka viðtali vegna mismæla eða mis-sagnar skal orðið við þeirri beiðni, ef mögulegt er. Fréttamanni er þó heimilt að nota atriði úr fyrri töku, komi mikilvæg efnisatriði ekki fram í þeirri síðari. Óski viðmælandi eftir því að til-

tekinn hluti viðtals verði ekki birtur skal orðið við slíkri ósk, nema að þar komi fram mikilvæg efnisatriði að dómi fréttamanns.

Sé ekki lengur tilefni til að birta viðtali sem þegar hefur verið tekið skal viðmælanda gerð grein fyrir því.

Fréttastofan virðir ætíð tímamörk (embargo) á fréttum/upplýsingum. Hafi aðrir fjölmiðlar hinsvegar birt fréttir/upplýsingar fyrir sett tímamörk, verður að veita og meta hvort rétt sé að Fréttastofan telji sig áfram bundna af tímamörkunum.

Þegar fréttamenn taka við kvörtunum og athugasemdum frá áhorfendum skulu þeir kynna sig og biðja viðmælendur um slíkt hið sama. Fréttamönnum ber ekki skylda til að taka við aðfinnslum frá áhorfendum sem ekki vilja kynna sig.

III. FRÁSAGNIR AF SLYSUM OG VIÐKVÆMUM MÁLUM

Fréttamenn þurfa oft að afla upplýsinga um og segja frá erfiðum og viðkvæmum málum, slysum, dómsmálum og fleiri. Í fréttaoöflun í slíkum málum, sem og raunar öðrum, ber fréttamönnum að forðast að valda hlutaðeigandi óþarfa hugarangri. Nærvera fréttamanna á erfiðum stundum getur í sjálfu sér valdið fólki angri, en fréttamenn skulu forðast að gera það erfiðara fyrir hlutaðeigandi en nauðsynlegt er. Nær-

færni, skilningur og kurteisi sem eru nauðsynleg á slíkum stundum þurfa ekki að spilla fyrir fréttaoöflun.

Mikilsvært er að frásagnir af slíkum viðkvæmum málum valdi heldur ekki

óþarfa sársauka og því er skynsamlegt fyrir fréttamenn sem um slíkt mál fjalla og hafa t.d. þurft að fara á vettvangi slyss, að ráðgjast við fréttastjóra eða vaktstjóra um frásögnina og leita aðstoðar og ráða hjá öðrum um frágang og klippingu. Fréttamenn á vettvangi slysa eru oft undir miklu tilfin-

ingalegu álagi og hafa stundum mjög skamman tíma til að undirbúa sig fyrir upptöku eða spurningar og því skapast hættu á að fréttamaður segi í hugsunarleysi eitthvað sem getur verið særandi fyrir hlutaðeigandi.

Fréttamenn verða og að hafa í huga að lögregla, björgunarsveitir og sjúkralið á slysavettvangi eru einnig undir miklu álagi og að aðgerðir þeirra og samskipti við fjölmiðla geta stjórnað af því.

Myndir af slysavettvangi skulu ekki sýndar nema að vel athuguðu máli og því aðeins að fréttagildi krefjist þess ótvírætt.

Fréttastofan segir almennt frá banaslysum á Íslandi, en frásögnin skal vera eins stutt og kostur er.

Nöfn þeirra sem látast má aðeins birta í samráði við lögreglu og rétt yfirvöld og aldrei fyrr en nánustu ættingjum hefur verið skýrt frá slysinu, ef minna en sólarhringur er liðinn frá atburðinum.

IV. DÓMS- OG LÖGREGLUMÁL

Um fjöllun um dóms- og refsímál krefst einnig mikillar aðgætni, varúðar og nærfærni. Fréttastofan fjallar um dóms- og lögreglumál eins og aðra fréttmæla atburði í þjóðfélaginu og skal fréttamat ráða því hvort tiltekin mál eru tekin fyrir eða ekki.

Fréttastofan er ekki dómstóll og má aldrei taka efnislega afstöðu til mála sem eru í rannsókn eða fyrir rétti. Viðtöl við saksóknara og/eða sakborninga/verjendur skulu metin út frá því.

Ætíð skal hafa í huga þá meginreglu íslensks réttarfars að sakborningur skoðast saklaus uns sekt hans er sönnuð.

Nafnbirtingar skulu almennt ekki tíðkaðar í sakamálum, nema nauðsyn beri til og þá aðeins að gengnum dómi. Undantekningar geta þó verið á því þegar mál vekja óvenjumikla athygli og aðrir fjölmiðlar hafa þegar birt nöfn sakborninga og ætla megi að þau séu flestum kunn eða að það gæti valdið misskilningi að birta ekki nöfnin eða að ekki verði hjá því komist af öðrum orsökum. Oft má miða við þá þumalfingursreglu að séu dómur þyngri en tveggja ára fangelsi sé nafnbirting réttlætianleg.



Myndbirtingar af sakborningum lúta sömu reglum.

Fréttastofan skal skýra frá dómsuppkvaðningu og/eða lyktum þeirra dómsmála sem fjallað hefur verið um og annarra eftir því sem ástæða þykir til. Dómsorð skal birt og getið hvort áfrýjað verði. Ekki skal fjalla um dóm-inn í viðtali við hinn dæmda eða hina dæmdu nema rik ástæða liggja til, t.d. þegar ætla má að dómur séu for-dæmissskapandi. Ef rætt er við lög-mann/menn skal hafa í huga að sjónarmið gagnaðila komist einnig á framfæri með sambærilegum hætti.

Í umfjöllun um sum viðkvæm mál getur verið erfitt eða ómögulegt að heyra sjónarmið beggja aðila, opin-berir aðilar eru ef til vill bundnir þagnarskyldu og geta ekki tjáð sig. Þetta gildir t.d. um barnaverndar-nefndir hvað varðar einstök mál, sem þær hafa til meðferðar. Við slíkar aðstæður skulu fréttamenn gæta sér-stakrar varúðar í umfjöllun sinni.

Kappkosta skal að hafa gott sam-band við lögreglu, sem og önnur yfir-völd. Þannig skal fréttastofan birta nöfn fólks sem saknað er æski lög-reglan þess, sem og aðrar tilkynn-ingar sem varða almannaheill.

V. FRIDHELGI EINKALÍFS

Fjölskyldumál fólks eru að öllu jöfnu ekki fréttæfni í Sjónvarpi.

Fréttamenn skulu reyna að forðast að trufla einkalíf manna eins og kostur er og reyna að hafa samband við menn sem þeir vilja ná tali af á vinnu-stað þeirra. Forðast skal að hringja heim til manna, nema nauðsyn beri til.

VI. HLUTLÆGNI, HLUTLEYSI OG LEIÐRÉTTINGAR

Fréttamenn skulu ætíð gæta fyllstu mögulegu hlutlægni í störfum sínum og forðast að láta persónulegar skoð-anir hafa áhrif á störf sín og fréttamat. Fréttamenn skulu ætíð gæta fyllstu sanngirni gagnvart mönnum og mál-efnum, sem fjallað er um.

Andstæð sjónarmið verða að koma fram, séu þau til staðar í málum sem Fréttastofan fjallar um. Stefnit skal að því að þau komi fram í sama fréttatíma, ef þess er kostur. Í þeim tilvikum sem það er ekki hægt skulu hin andstæðu

sjónarmið koma fram á sambærilegum vettvangi. Í þáttum, Kastljósinnslögum eða lengri fréttaskýringum skulu öll sjónarmið koma fram í einu.

Sé um að ræða alvarlegar ásakanir, t.d. um lögprot eða vanhæfi, verður að gefa viðkomandi möguleika til andsvara í sama fréttatíma eða geta þess að frásagnar af hans sjónarmiðum sé að vænta, náist ekki í viðkom-andi eða hann kjósi að biða með svör.

Gerir Fréttastof-an mistök og skýri rangt frá ber að leið-rétta þau svo fljótt sem auðið er á sam-bærilegum vettvangi og biðjast afsökunar á mistökunum. Aldrei skal reyna að fela, breiða yfir eða draga úr mistökum og/eða rang-færslum.

VII. SIÐAREGLUR OG HAGS-MUNAÁREKSTRAR

Fréttamönnum er algerlega óheimilt að þiggja greiðslur frá utankomandi aðilum, í hvaða formi sem er, fyrir störf sem þeir vinna sem fréttamenn á Fréttastofu Sjónvarps.

Fréttamönnum er ekki heimilt að nota sér starf sitt eða aðstöðu sér til tekna eða ávinnings.

Fréttamönnum er ekki heimilt að þiggja boð um utanlandsferðir sem þeir fá sem fréttamenn án samráðs við fréttastjóra og að fengnu leyfi hans.

Fréttamönnum er ekki heimilt að vinna aukavinnu eða stök verkefni fyrir keppinauta Ríkisútvarpsins. Hvað varðar önnur aukastörf á sviði fjölmið-lunar (svo sem vinnu fyrir blöð, tímarit, bókaútgáfur, námskeiðahald og kennslu) ber fréttamönnum að ráð-færa sig við fréttastjóra áður en þeir taka slík störf að sér. Fréttamenn skulu hafa í huga hagsmuni Ríkisútvarpsins og fréttastofu Sjónvarps þegar þeir taka að sér slík störf. Leyfi til slíkra aukastarfa verður ekki veitt skaði þau eða geti skaðað möguleika fréttastof-unnar til gagnrýnnar fréttadóflunar

eða skapi óeðlileg tengsl við fyrirtæki, stofnanir, samtök eða einstaklinga sem ætla má að fréttastofan þurfi að fjalla um.

Það fer ekki saman að vera fréttamaður á Sjónvarpinu og annast kynningar- eða p.r.-starfsemi fyrir aðra aðila. Sama gildir um eign eða rekstur fyrirtækja sem fást við slíkt.

Það fer heldur ekki saman að k o m a fram í auglýsing-um og vera fréttamaður á Sjónvarpinu. Einu undantekningarnar eru auglýsingar fyrir Ríkisútvarpið sjálft, góðgerðarstofnanir eða aðra slíka aðila, en þá að höfðu samráði við fréttastjóra.

Fréttamenn skulu forðast að fjalla um mál, sem þeir eru tengdir á einhvern hátt, pólitískt, persónulega eða fjárhagslega, þannig að um hagsmunaárekstra eða meinta hagsmuna-árekstra gæti verið að ræða. Séu fréttamenn í vafa varðandi þessi atriði skulu þeir hafa samráð við fréttastjóra.

Fréttamenn skulu ekki taka virkan þátt í starfi stjórnmalafélaga eða samtaka né annarra hagsmunasamtaka, nema með leyfi fréttastjóra.

Samkvæmt reglum Ríkisútvarpsins um kostun er ekki heimilt að aðrir aðilar en Ríkisútvarpið sjálft kosti dagskrárgerð fréttastofu Sjónvarps. Fréttamönnum er ekki heimilt að starfa við gerð þátta eða dagskrár fyrir aðrar deildir Ríkisútvarpsins eða aðra aðila sé dagskráin eða þættirnir kostaðir af öðrum en Ríkisútvarpinu.

Bréfsefni Sjónvarpsins skal aðeins nota þegar um opinber erindi stofnunarinnar er að ræða og skal þá afrit af bréfinu geymt og sent til fréttastjóra eða aðalskrifstofu.

VIII. HEIMILDIR, UPPLÝSINGA-ÖFLUN OG NÁKVÆMNI

Almenningur á að geta treyst því að rétt sé farið með efnisatriði í fréttum Sjónvarpsins. Til að svo geti verið þurfa heiðarleiki, agi, nákvæmni og sanngirni að ríkja í vinnubrögðum.



Fréttamönnum ber ætíð að fullvissa sig um að upplýsingar þeirra séu réttar og þurfa að vera viðbúinir því að leita til fleiri en eins aðila til að sannreyna þær upplýsingar sem þeir hafa undir höndum.

Sérstaklega skal bent á hættuna á villum úr öðrum fjölmiðlum, ekki skal nota frásagnir annarra fjölmiðla nema að fréttamaður sannreyni sjálfur að efnisatriði í þeirri frásögn séu rétt.

Sé það ekki mögulegt og aðrir fjölmiðlar eru einu heimildir fyrir fréttum í Sjónvarpi, skal þess getið, sömuleiðis komi einhver tiltekin efnisatriði, ummæli eða þess háttar fram í öðrum fjölmiðlum, en ekki í viðtölum eða upplýsingum fréttamanns. Fer þá vel á að sýna tiltekin atriði ef þau hafa birst í dagblaði eða tímariti.

Varúð skal viðhöfð í meðferð efnis úr öðrum fjölmiðlum, einkum þegar um ræðir pólitísk atriði í flokksmál-gögnum. Slúðurdálkar dagblaða/tímarita eru ekki fréttæfni í Sjónvarpi

nema í undantekningartilvikum og þá aðeins með leyfi fréttastjóra.

Ef ætla má að tiltekna upplýsingar séu óvæntar eða efnisatriði umdeild fer í mörgum tilfellum vel á því að geta um heimild og stundum er það nauðsynlegt.

Hin almenna regla er að heimilda skuli getið nema fréttamaður meti að sérstakar ástæður séu til þess að gera það ekki.

Um fréttir eða upplýsingar, sem ekki fást opinberlega staðfestar, skal gilda sú regla að minnst tveir óháðir aðilar hafi gefið upplýsingarnar eða staðfest fréttina. Að öðrum kosti skulu upplýsingar/fréttir ekki birtar, nema að fengnu leyfi fréttastjóra og slíkt getur aðeins orðið í undantekningartilfellum.

Óski heimildarmaður eftir því að nafni hans sé haldið leyndu skal fréttamaður skilyrðislaust gæta fullrar nafnleyndar, nema fréttamanni ber ætíð að gera fréttastjóra grein fyrir heimildarmönnum/manni sínum, sé

þess óskað. Fréttastjóri fer með þær upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ætíð skal fara mjög varlega í sakirnar þegar um er að ræða heimildarmenn sem óska nafnleyndar. Sama gildir um stjórnámálamenn og hagsmunaaðila sem vilja leka fréttum. Sé fréttamaður í minnsta vafa um sannleiksgildi fréttarinnar eða telji tilgang lekans á einhvern hátt vafasaman, skal hann hafa samráð við fréttastjóra eða vaktstjóra.

Forðast skal, þegar mögulegt er, að styðjast einungis við heimildarmenn sem óska nafnleyndar og ætíð skal leita opinberrar staðfestingar á frétt eða efnisatriði sem nafnlausir heimildarmenn koma á framfæri við fréttamenn. Ekki skal gera undantekningu frá þessu nema með leyfi fréttastjóra eða vaktstjóra og hann gefur ekki slíkt leyfi, nema hann telji að það spilli fyrir frétttaöfluninni eða vinnslu fréttarinnar að leita opinberrar staðfestingar.



Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar hefur komið sér upp formlegum skrifuðum innanhússreglum eða vinnureglum. Eru reglurnar hugsaðar sem viðbót við síðareglur Blaðamannafélagsins og er ætlast til að fréttamenn taki mið af báðum þessum reglum. Að stofni til eru nügildandi reglur á Stöð 2 og Bylgjunni frá árinu 1995 en reglurnar hafa þó verið litillega endurskoðaðar í samræmi við breytingar á umhverfi fréttastofunnar. Síða- og vinnureglurnar eru eftirfarandi:

Síða og vinnureglur

Hlutverk

- Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar veitir óháða, alhliða fréttapjónustu, allan ársins hring.
- Fréttir skulu berast almenningi eins fljótt og hægt er og vera áreiðanlegar, hlutlægar og sanngjarnar.
- Fréttastofan gætir hagsmuna almennings á öllum sviðum með frétttaflutningi sínum.

- Fréttastofan veitir stjórnvöldum aðhald og öðrum þeim sem almenningur hefur veitt umboð sitt.
- Fréttastofan gætir sérstakrar varfærni, smekkvísi og vandvirkni í viðkvæmum málaflokkum.
- Geri fréttastofan mistök og skýri rangt frá leggur hún metnað sinn í að leiðrétta mistökina eins fljótt og auðið er og biðjast afsökunar á þeim.
- Fréttastofan leitast við að efla traust milli sín og almennings með því að sinna hlutverki sínu af kostgæfni.

Áreiðanleiki

- Áhersla er lögð á að fylgja eftir og hafa samræmi í frétttaflutningi, t.d. í slysa og andlátsfréttum. Þeim málum sem fréttastofan fjallar um skal fylgt eftir með tilheyrandi hætti, t.d. með nafn- og myndbirtingu af hinum látna. Samræmis skal gætt í grafískri framsetningu dánarfragna.
- Mikilvægt er að fréttastofan fylgi eftir málum sem hún ákveður að

fjalla um, þ.e. fylgjast með þróun og málalýktum.

Heiðarleiki

- Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar er óháður fjölmiðill, sem greinir satt og rétt frá og af hlutlægni.
- Varast skal gifuryrði og hástemmdar lýsingar.
- Skyllt er að nota nauðsynlega fyrirvara, s.s. meintur,



talinn, grunaður, sakaður, kærður, ákærður og dæmdur, óstaðfestar fregnir herma, yfirvöld segja o.s.fr. Túlkun eða afstaða með eða á móti einhverjum má ekki koma fram í frétttaflutningi, t.d. með orðalagi eins og „lögregla neyddist til að

- beita tágasi“ og „óttast er að öfgamenn sigri í kosningunum“.
- Fréttastofan fjallar óhikað um nýjungar, vörur, tilboð, þjónustu og annað sem óumdeilanlega varðar þorra almennings en hafnar hvers konar auglýsingamennsku eða kynningarstarfsemi sem ekki þjónar ofangreindum tilgangi.
- Fréttamaður skal ekki nota 1. persónu þegar hann segir frá. Dæmi: Í stað „eftir því sem ég kemst næst“ skal nota „eftir því sem fréttastofan kemst næst“, eða eitthvað í þeim dúr. Þá skal fréttastofan ekki gangast í ábyrgð fyrir alla íslensku þjóðina með orðalagi eins og „við Íslendingar“.
- Mjög ríkar ástæður þurfa að vera fyrir því að fréttastofan heimili nafnleynd í fréttum sínum. Fréttastofan ber sjálf ábyrgð á upplýsingum sem ákveðið er að birta frá ónafngreindum aðila. Hafi nafnleynd verið lofað skal hún virt undir öllum kringumstæðum.
- Fréttabann (embargo) er virt af fréttastofunni, jafnt í innlendum sem erlendum fréttum. Fréttastofan áskilur sér hins vegar fullan rétt til þess að sniðganga fréttabann sem hindrar eðlilegt upplýsingaflæði til almennings. Brjótí aðrir fjölmiðlar fréttabann mun fréttastofan meta réttmæti þess að nýju.

Sanngirni

- Myndval skal vera viðeigandi. Óheimilt er að nota myndir sem geta tengt saklausa við viðkvæm mál sem eru þeim óviðkomandi, t.d. götulífsmyndir, börn að leik, sjúklinga, bifreiðar, fyrirtæki, íbúðarhús o.s.f. Sérstaklega er varað við myndum úr myndasafni af öldruðum, fólki á götu, í verslunum, t.d. ÁTVR og drukknum unglíngum á útsamkomum svo fáein dæmi séu tekin.
- Reglan er sú að taka nýjar myndir í fréttir af viðkvæmum málum, s.s. um

alnæmi, sífjaspell, illa meðferð á fólki, heilbrigðismál, o.s.f.

- Myndir sem ekki er hægt að sýna vegna ofangreindra reglna á að „rugla“ (scramble) í paint-boxi.

– Geri fréttastofan mistök og skýri rangt frá ber að leið-

réttu mistökinn

eins fljótt og

auðið er og

biðjast afsökun-

ar á þeim. Ekki

skal reynt að

breiða yfir eða draga

úr rangfærslum eða

mistökum. Leiðrétting-

ar skulu hins vegar

vera vandlega unnar og

í samráði við viðkomandi

fréttamann. Allar leið-

réttingar skulu berast

skriflega yfir til þula í

myndveri. Sé ekki um

augljós mistök að ræða

biða leiðréttingar eða

athugasemdir

vegna 19:19 til

næsta dags, en

næsta fréttatíma ef um

Bylgjuna er að ræða.

- Það eru alltaf tvær eða fleiri hliðar á hverju máli. Fréttastofunni ber að koma andstæðum sjónarmiðum á framfæri eins fljótt og kostur er á sambærilegum stað í fréttatímanum.

- Ekki má slíta ummæli manna úr samhengi svo þau verði mistúlkuð

- Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar má ekki taka sér dómsvald í hendur.

- Hafa ber í huga að allir eru saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð. Þegar menn hafa verið dæmdir eru þeir það þangað til þeir hafa afplánað refsingu sína.

- Reglan er sú að birta skal nafn dæmda ef refsing er þyngri en tvö ár. Þegar um er að ræða hættulega sibrotamenn og þjóðþekkta einstaklinga skal hvert mál metið fyrir sig.

- Börn og unglíngar undir lögaldri (18 ára) njóta sérstakrar verndar, einnig minnimáttar, svo sem geðsjúkir eða proskahéttir.

- Sýna skal málefnum minnihluta-

hópa fullt umburðarlyndi. Í þeim málum hefur fréttastofan viðsýni að leiðarljósi og hafnar fordómum.

- Í frétt sem varðar átök þjóða verður að gæta hlutlægni, einkum þegar íslensk stjórnvöld eiga í milliríkja-deilum. „Við Íslendingar“ eða „við“ er t.d. óviðeigandi.

Framkoma

- Fréttamenn Stöðvar 2 og Bylgjunnar skulu gæta sérstakrar varfærni, smekkvísi og vandvirkni í viðkvæmum málaflokkum, s.s. slysa, andláts-, barnaverndar-, forræðis- og sjálfsvígisfréttum.

- Fréttamenn verða að halda ró sinni og sýna yfirvegum í fréttaoöflun og fréttaflutningi undir öllum kringumstæðum.

- Fréttamenn eiga að kynna sig með formlegum hætti. Þegar mál eru þess eðlis og almannahagsmunir krefjast þess að fréttamaður villi á sér heimildir og engin leið er til að upplýsa mál með öðrum hætti er slíkt þó leyft í samráði við fréttastjóra.

- Ávallt skal fá samþykki viðmælanda áður en orð hans eru tekin upp á segulband til flutnings í fréttum. Þegar engin leið er til að upplýsa mál með öðrum hætti, er þó leyfilegt að sniðganga þessa reglu, en þó aðeins í samráði við fréttastjóra.

- Fréttastofan birtir fréttir upp úr öðrum fjölmiðlum þegar nauðsyn krefur. Þá skal vitna í viðkomandi fjölmiðil undantekningarlaust.

- Fréttamenn eru beðnir um að leita ávallt samráðs og samþykkis fréttastjóra eða staðgengils hans í viðkvæmum málum og þegar beita þarf óhefðbundnum vinnuáðferðum.

Önnur störf

- Fréttamönnum er óheimilt að taka þátt í auglýsingum eða annars konar kynningarstarfi.

- Þátttaka í starfi stjórn málaflakka, framboðslista eða annarra pólitískra samtaka er óheimil.

- Auglýsingar í góðgerðarskyni skulu bornar undir fréttastjóra.

- Auglýsingamennska í fréttum er stranglega bönnuð.

Saltið í grautinn

10 sinnum meira salt en fyrir 20 árum
Lágmarkslaun hafa hækkað tvöfalt meira en verðlag

Byrjunarlaun blaðamanna hafa hvorki meira né minna en tífaldast í krónutölu á undanförunum tuttugu árum. Þannig voru byrjunarlaun blaðamanna samkvæmt kjarasamningum 13.699 kr. 1. desember 1984, en lægsti taxti félagsins frá 1. janúar síðastliðnum er 132.635 kr. eða rétt tæplega tíu sinnum hærri sem er nákvæmlega 968% hækkan á tímabilinu.

Byrjunarlaun þeirra sem ganga vaktir hafa hækkað enn meira. Lágmarkstaxtinn með 18% vaktálagi er 156.509 kr. eða 1.142% hærri en fyrir tuttugu árum síðan og lágmarkstaxtinn með 24% vaktálagi er 164.467 kr. eða 1.200% hærri en fyrir 20 árum síðan.

Ef hæstu laun félagsins samkvæmt launatöxtum eru einnig skoðuð kemur í ljós að þar er einnig nánast um tíföldun að ræða á tímabilinu. Hæsti taxti félagsins fyrir 20 árum var 26.162 kr. en hann er nú 263.960 kr. eftir 16 ára starf með 24% vaktálagi.

Gaman væri að geta haldið því fram að blaðamenn hafi það tíu sinnum betra að þessu leyti en þeir höfðu það fyrir tuttugu árum síðan. En það er ekki alveg raunin. Einhverju hefur þó kjarabaráttan skilað í aðra hönd á þessum tuttugu árum, því kaupmáttur kjarasamninga félagsins hefur aukist stórlega á tímabilinu. Þannig hækkaði vísitala neysliverðs úr 117,2 stigum í desember 1984 í 575,3 stig í ágúst í

SALTID I GRAUTINN
Grunnlaun blaðamanna frá 1. desember 1984, ekv. kjarasamn.

Stærðir	1984	2004
Byrjunarlaun	13.699 kr.	132.635 kr.
2004	14.833 kr.	171.000 kr.
8	17.833 kr.	208.000 kr.
9	18.833 kr.	216.000 kr.
10	19.833 kr.	224.000 kr.
11	20.833 kr.	232.000 kr.
12	21.833 kr.	240.000 kr.
13	22.833 kr.	248.000 kr.
14	23.833 kr.	256.000 kr.
15	24.833 kr.	264.000 kr.
16	25.833 kr.	272.000 kr.
17	26.833 kr.	280.000 kr.
18	27.833 kr.	288.000 kr.
19	28.833 kr.	296.000 kr.
20	29.833 kr.	304.000 kr.
21	30.833 kr.	312.000 kr.
22	31.833 kr.	320.000 kr.
23	32.833 kr.	328.000 kr.
24	33.833 kr.	336.000 kr.
25	34.833 kr.	344.000 kr.
26	35.833 kr.	352.000 kr.
27	36.833 kr.	360.000 kr.
28	37.833 kr.	368.000 kr.
29	38.833 kr.	376.000 kr.
30	39.833 kr.	384.000 kr.
31	40.833 kr.	392.000 kr.
32	41.833 kr.	400.000 kr.
33	42.833 kr.	408.000 kr.
34	43.833 kr.	416.000 kr.
35	44.833 kr.	424.000 kr.
36	45.833 kr.	432.000 kr.
37	46.833 kr.	440.000 kr.
38	47.833 kr.	448.000 kr.
39	48.833 kr.	456.000 kr.
40	49.833 kr.	464.000 kr.
41	50.833 kr.	472.000 kr.
42	51.833 kr.	480.000 kr.
43	52.833 kr.	488.000 kr.
44	53.833 kr.	496.000 kr.
45	54.833 kr.	504.000 kr.
46	55.833 kr.	512.000 kr.
47	56.833 kr.	520.000 kr.
48	57.833 kr.	528.000 kr.
49	58.833 kr.	536.000 kr.
50	59.833 kr.	544.000 kr.
51	60.833 kr.	552.000 kr.
52	61.833 kr.	560.000 kr.
53	62.833 kr.	568.000 kr.
54	63.833 kr.	576.000 kr.
55	64.833 kr.	584.000 kr.
56	65.833 kr.	592.000 kr.
57	66.833 kr.	600.000 kr.
58	67.833 kr.	608.000 kr.
59	68.833 kr.	616.000 kr.
60	69.833 kr.	624.000 kr.
61	70.833 kr.	632.000 kr.
62	71.833 kr.	640.000 kr.
63	72.833 kr.	648.000 kr.
64	73.833 kr.	656.000 kr.
65	74.833 kr.	664.000 kr.
66	75.833 kr.	672.000 kr.
67	76.833 kr.	680.000 kr.
68	77.833 kr.	688.000 kr.
69	78.833 kr.	696.000 kr.
70	79.833 kr.	704.000 kr.
71	80.833 kr.	712.000 kr.
72	81.833 kr.	720.000 kr.
73	82.833 kr.	728.000 kr.
74	83.833 kr.	736.000 kr.
75	84.833 kr.	744.000 kr.
76	85.833 kr.	752.000 kr.
77	86.833 kr.	760.000 kr.
78	87.833 kr.	768.000 kr.
79	88.833 kr.	776.000 kr.
80	89.833 kr.	784.000 kr.
81	90.833 kr.	792.000 kr.
82	91.833 kr.	800.000 kr.
83	92.833 kr.	808.000 kr.
84	93.833 kr.	816.000 kr.
85	94.833 kr.	824.000 kr.
86	95.833 kr.	832.000 kr.
87	96.833 kr.	840.000 kr.
88	97.833 kr.	848.000 kr.
89	98.833 kr.	856.000 kr.
90	99.833 kr.	864.000 kr.
91	100.833 kr.	872.000 kr.
92	101.833 kr.	880.000 kr.
93	102.833 kr.	888.000 kr.
94	103.833 kr.	896.000 kr.
95	104.833 kr.	904.000 kr.
96	105.833 kr.	912.000 kr.
97	106.833 kr.	920.000 kr.
98	107.833 kr.	928.000 kr.
99	108.833 kr.	936.000 kr.
100	109.833 kr.	944.000 kr.

ár, eða um 491%. Lágmarkslaun hafa þannig hækkað nær tvöfalt meira en verðlag á þessu tuttugu ára tímabili.

HJ

Kunnur stríðsfréttaritari til Íslands

FYRIR síðustu jól gafst íslenskum blaðamönnum tækifæri til að hitta að máli norsku blaðakonuna Ásne Seierstad, sem tilheyrir stétt svokallaðri stríðsfréttaritari. Nú er væntanlegur til Íslands annar slíkur, breski blaðamaðurinn Tim Judah en þau Seierstad eru einmitt kunningjar eins og þeir sem lesið hafa nýja bók hennar, 101 dagar í Bagdad, ættu að vita.

Judah starfaði lengi fyrir breska útvarpið BBC en er nú sjálfstætt starfandi, skrifar hins vegar reglulega fyrir rit eins og The Economist og New York Review of Books. Þá hefur Morgunblaðið birt nokkrar greinar Judahs síðasta árið. Hann eyddi á sínum tíma áratug á Balkanskaga, þegar átökin þar



Tim Judah er væntanlegur til Íslands

stóðu sem hæst, og hefur ritað tvær bækur, um sögu Kosovo annars vegar og Serba hins vegar. Hann var við störf í Afganistan 2001

þegar Bandaríkjamenn réðust inn í landið og hann var einnig í Bagdad í fyrra þegar innrás Bandaríkjamanna í Írak hófst. Undanfarið hefur hann verið á átakasvæðum í Úganda, Angóla og hann er einnig einn fárra vestrænna blaðamanna sem heimsótt hefur Norður-Kóreu. Judah kemur hingað til lands í tengslum við námskeið sem kennt er á haustönn við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands um þjóðernisbyggju og þjóðernisátök.

Hann mun flytja opinberan fyrirlestur í Reykjavík 28. október nk. á vegum Blaðamannafélags Íslands og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála og mun hann þar ræða um störf stríðsfréttaritarans, m.a. með hliðsjón af þróun mála í Írak, þar sem erlendum blaðamönnum hefur ítrekað verið rænt af arabískum uppreisnarhöfðingjum.

Regluleg laun hækkuðu um 5%

Regluleg laun blaðamanna, rithöfunda og annarra höfunda ritaðs máls voru að meðaltali 293.400 kr. á fyrsta ársfjórðungi í ár og hækkuðu um 4,9% frá sama tíma árið áður. Athygli vekur að heildarlaunin, þ.e.a.s. regluleg laun að meðtalinni yfirvinnu, lækkuðu hins vegar á sama tíma um 1.800 kr. Þau voru 314.900 á fyrsta ársfjórðungi í ár en voru 316.700 kr. á sama tíma fyrir ári og vinnutíminn stýttist á sama tíma um 0,7 stundir úr 40,9 stundum að meðaltali á viku í 40,2 stundir á fyrsta ársfjórðungi ársins í ár. Heildarlaun sérfræðinga í upplýsingamiðlun voru á fyrsta ársfjórðungi í ár 376.900 kr.

Þetta kemur fram þegar niðurstöður launakannana Kjararannsóknanefndar aðila vinnumarkaðarins eru skoðaðar, en frá árinu 2002 hafa blaðamenn, rithöfundar og aðrir höfundar ritaðs máls verið greindir sérstaklega saman í hóp sem var ekki raunin fyrir þann tíma. Upplýsingarnar eru fengnar úr launabókhalda fyrir-tækja og úrtakið tekur til tæplega 140 manns hvað blaðamenn og rithöfunda snertir, en ekki nema á annan tug þegar um almannatengla er að ræða.

Á tímabilinu hækkuðu laun um

2,5% um síðustu áramót, en auk þess má gera ráð fyrir að starfsaldurshækk-anir og launaskrið skýri það sem upp á vantar þessa tæplega 5% hækkun á reglulegu launinum. Hækkun þeirra var heldur meiri milli 1. ársfj. 2002 og 2003 en þá hækkuðu þau um 6,1% úr 263.500 kr. í 279.800 kr. Hins vegar var hækkun heildarlaunanna veruleg á milli árunna 2002 og 2003 eða tæp 12,7%. Þau hækkuðu sem sé úr 281.100 kr. að meðaltali á mánuði í 316.700 kr. Velta má fyrir sér hvort að fjölgun fastlaunasamninga er skýringin á lækkun heildarlaunanna milli 2003 og 2004 og hversu raunhæfar þessar tölur um vinnutíma eru?

Auk upplýsinga um meðaltöl eru einnig að finna í gögnum kjararannsóknanefndar upplýsingar um miðgildi og neðri og eftir fjórðungsmörk launa karla og kvenna. Þegar þær sundurliðanir eru skoðaðar kemur í ljós að helmingur þýðisins er með lægri regluleg laun á mánuði en 262.800 kr. og að helmingur er með lægri laun en 288.300 kr. á mánuði í heildarlaun. 25% eru með lægri laun en 236.600 kr. á mánuði í regluleg laun og lægri en 266.900 kr. í heildarlaun og 25% eru með hærri en

325.900 í regluleg laun og 347.900 kr. í heildarlaun.

Verulegur munur kemur síðan fram á launum karla og kvenna þegar þau eru borin saman enda sýnir samanburður á miðtölu og meðaltali launa karla annars vegar og kvenna hins vegar að fáir launaháir karlar hækka meðaltalið, auk þess sem karlar virðast vera með að meðaltali um tveimur klukkstundum lengri vikulegan vinnutíma en konur. Nánast enginn munur er á meðaltali og miðgildi launa kvennanna sem sýnir jafna dreifingu launa þeirra á sama tíma og meðaltal launa karlanna er mun herra en miðtalan.

Samkvæmt könnuninni er helmingur kvenna með lægri regluleg laun en 260.300 kr. á mánuði og 25% eru með lægri laun en 223.400 kr. í laun á mánuði. 25% eru síðan með hærri laun en 280.000 kr. á mánuði.

Helmingur karla er hins vegar með lægri en 281.400 kr. í regluleg laun á mánuði og 25% með lægri laun en 257.200 kr. á mánuði. Fjórðungur er síðan með hærri laun á mánuði en 367.800 kr. en þá eru regluleg laun og heildarlaun þau sömu, þar sem yfirvinna hækkar ekki lengur reglulegu launin. *HJ*

Rithöfundar, blaðamenn og aðrir höfundar ritaðs máls:				Heildarlaun ²⁾					
Mánaðarlaun á 1. ársfjórðungi árin 2002–2004				Hæðir: Kjararannsóknafélag aðila vinnumarkaðarinnar, launakannari					
Regluleg laun ¹⁾		1. ársfj. 2002	1. ársfj. 2003	1. ársfj. 2004			1. ársfj. 2002	1. ársfj. 2003	1. ársfj. 2004
Allir	Fjöldi	146	141	136	Allir	Fjöldi	139	131	126
	Meðaltal	kr. 263.500	279.800	293.400		Meðaltal	kr. 281.100	316.700	314.900
	N. fjmörk	212.200	236.900	236.800		N. fjmörk	243.700	258.200	266.900
	Miðtala	245.900	254.300	262.800		Miðtala	263.900	281.200	288.300
	E. fjmörk	264.500	273.500	325.900		E. fjmörk	288.600	341.400	347.900
Karlar	Fjöldi	97	93	86	Karlar	Fjöldi	96	92	84
	Meðaltal	288.600	308.700	323.600		Meðaltal	309.300	348.500	346.300
	N. fjmörk	237.100	254.300	257.200		N. fjmörk	259.500	267.700	272.700
	Miðtala	263.200	272.100	281.400		Miðtala	267.300	314.700	310.700
	E. fjmörk	318.200	341.400	367.800		E. fjmörk	330.200	411.600	367.800
Konur	Fjöldi	49	48	50	Konur	Fjöldi	43	39	42
	Meðaltal	240.900	252.300	259.800		Meðaltal	249.200	272.700	272.000
	N. fjmörk	212.200	219.400	223.400		N. fjmörk	234.200	236.600	245.900
	Miðtala	245.900	254.300	260.300		Miðtala	249.700	258.200	267.000
	E. fjmörk	248.000	256.400	280.000		E. fjmörk	252.400	315.000	285.100

1) Regluleg laun eru öll laun fyrir daginn, önnur en yfirvinnu.

2) Heildarlaun eru öll laun að meðtalinni yfirvinnu.

Dagblöðin eru daglegt brauð



Eftir
Sigurjón Jóhannsson

Þetta skrifaði ritstjóri Þjóðólfs árið 1848. Hér er fjallað um nokkra þætti er sýna stöðu Þjóðólfs og Ísafoldar er snertir blaðamennsku og völd á árunum 1848 til 1900.

Í þessari grein leitast ég, Sigurjón Jóhannsson, fyrrverandi blaðamaður og fjölmiðlakennari, við að bregða ljósi á hvernig fyrstu ritstjórar viku- og hálfsmánaðarblaðanna Þjóðólfs og Ísafoldar litu á starf sitt og hvaða hlutverk blöðin hefðu í þeim þjóðfélagsbyltingum sem framundan voru. Var talað um fjórða valdið á þessum tíma, eða að blöð gætu haft áhrif á borð við þing þjóða? Já, það var talað um fjórða ríkisvaldið árið 1888 og líka fyrsta ríkisvaldið í grein um ensku dagblöðin í Ísafold. Margt fleira kemur á óvart, en rannsókn mín nær til ársins 1900.

Dagblöðin eru daglegt brauð
Strax á fyrsta ári Þjóðólfs (1848) skrifar ritstjórinn Sveinbjörn Hallgrímsson aðstoðarprestur langa grein undir fyrirsögninni Dagblöðin eru daglegt brauð. Þar rekur hann ýmis atvik úr sögu útgáfumála og prentlistar og segir að tímarit og fréttablöð séu „ávéxtir menntunar þeirra og framfara sem þjóðir Norðurláfu hafi tekið á hinum síðustu öldum.“

Sveinbjörn bendir á „... að þar sem dagblöð komi út sé þjóðlífið líka svo vakandi að óðar en einhver hafi hugsað einn hlut sem nokkuð þyki í

varið, og látið hann í ljósi við einhvern annan, þá sé hann kominn í dagblöðin og þar sé verið að velta honum á ýmsar hlíðar og skoða hvernig megi framkvæma hann, og hversu honum eigi fyrir að koma að sem haganlegast geti orðið fyrir land og þjóð.“

Rís blaðöld upp úr rímnaöldinni?

„Tímaritin eru hið sama fyrir þjóðarandann sem loftið er fyrir lífsandann,“ skrifar Sveinbjörn, „það eru tímaritin sem vekja og viðhalda athygli manna á alþjóðlegum málefnum og ala og örva umhugsun þeirra um þau ... tímarit og fréttablöð eru hið sama fyrir þjóðlífið og prédikanir eru fyrir hið andlega líf.“

Hver veit nema vér með tímanum verðum eins sólgafir í tímarit og fréttablöð og vér vorum áður í tróllasögur og rímur? Hver veit nema blaðöld rísi nú upp úr rímnaöldinni? Það væru sannarlega góð umskipti.“

Sveinbjörn ræðir einnig ókosti sem kunnir að fylgja blaðaútgáfu svo sem þá að blöðin gætu gerst of nærgöngul stjórnninni eða valinkunnum embættismönnum. Þá ræðir hann almenningsálit og endar greinina á þeim orðum „að til þess að almenningsálitið geti verið sem rjettast, með því að leiðbeina því og laga það, það er aðalskylda þeirra, sem vilja vera uppbyggilegir blaðamenn ...“

Ágæti prentfrelsis

Árið 1852 skrifar Sveinbjörn grein um prentfrelsi og segir: „Í því landi, þar sem prentfrelsi er, getur engin óhæfa átt sjer lengi stað, því hin frjálslyndu dagblöð linna ekki látum, fyr en hún er undir lok liðin ... Í því landi, þar sem prentfrelsi er, geta menn átt vísa von beztu laga, því dagblöðin rífa niður sjerhverja óhentuga lagagrein, og sýna mönnum gallana, þangað til

allir verða á móti henni og stjórnin neyðist til að taka hana aptur ...“

Í sömu grein vitnar Sveinbjörn í enska stjórnvitinginn Sheridan sem sagði: „Jeg vil heldur missa þjóðþingið og guðsorð burt úr landinu, heldur en prentfrelsið, því jeg á það víst, að það skyldi geta útvegað oss hitt hvortveggja bráðum aptur ...“

Skyldur ritstjórans

Þetta sama ár tekur Jón Guðmundsson, lögfræðingur, við ritstjórn Þjóðólfs og segist sem ritstjóri taka „... án undirgjafar allar lýtalaust skráðar ritgjörðir, ef þær eru ekki of langar eða of einstaklegs eðlis; jeg skuldbind mig til að breyta engri ritgjörð sem mjer er send, nema jeg ráðgíst fyrst um það við höfundinn. Ef á annan er hallað með einhverri grein, álit jeg bæði sjálfan mig og blaðið siðferðislega skuldbundið til að taka við stuttri og gagnorðri vörn þess hins sama, þó sú vörn verði einstaklegs eðlis.“

Jón segist greiða fyrir góðar ritgerðir og „stutt lipur skáldmæli og fagra sögudikti.“

Unglingur gerist ritstjóri

Árið 1869 skrifar Jón Guðmundsson athyglisverða grein um nýútkomið blað, Baldur, og ritstjórnann Jón Ólafsson, „sem sagði sig úr skóla í haust, og mun hann vera fullra 18 ára.“

Jón Guðmundsson bendir á að fullyrða megi að það sé einsdæmi að eigi fullveðja unglingur gerist blaðstjóri og lýsir það „... jafnt afarmiklum sjálfbýrgingsskap og sjálfstrausti hjá unglingi þessum að taka að sér svo vandamikið starf, eins og oss furðar á því, að félag það sem gjörir „Baldur“ út, eigi skuli hafa næmari velsæmistilfinningu eða glöggari augastað á réttskyldu gagni „Baldurs“ en svo, að sleppa honum í hendurnar á óreynd-

um og eigi fullveðja unglingi, sem vart er kominn af barnsaldri ... hvernig verður ætlast til, að þessi hinn óreyndi unglingur, sem nú er ritstjóri, geti talað um nokkurn skapaðan hlut af eigin lífsreynslu og hyggjuviti ..."

Sjötta stórveldi heims

Matthías Jochumsson prestur og skáld eignaðist Þjóðólf eftir nær 22ja ára ritstjórn Jóns Guðmundssonar og hann skrifar í blaðið árið 1877 um andann í þinginu og gagnrýnir að þingmenn fresti aftur og aftur að takast á við galla á stjórnarskrá landsins þannig að það er ekkert nytt undir sólinni. Ári síðar skýrir Matthías frá því að í Svíþjóð hafi verið haldinn í 6. skipti fundur ritstjóra og blaðamanna og hafi mætt þar um 50 manns. Tilgangur slíks fundar „sé að efla bróðernið, glæða mannúðina og virðingu einnar persónu fyrir annari, hvað sem líður meiningum og skoðunum ... að efla megi dagblaðavaldið (hið svo nefnda sjötta stórveldi heimsins), laga og greiða stjórn og fyrirkomulag blaða og þau mörgu hlutföll sem bundin eru við þetta ómælliga menntunarmeðal nútímans.“



Ekki á að vekja ófrið að óþörfu

Mörgum þótti Matthías of linur sem ritstjóri, en hann lýsti stefnu sinni svo er hann kvaddi lesendur Þjóðólfs eftir sex ára starf: „Ég var friðsamur í lund og vildi ekki fyrir smámuni brjóta af mér hylli og virðingu góðra manna, þóttist og skilja, að friður átti betur við þessa tíð en ófriður. Kapp og óbilgirni á betur við í ófriði, þegar ekki er um neitt að tala, heldur er annaðhvort að gjöra, að standa eða falla; en að vekja ófrið að óþörfu, er ábyrgðarhluti og ekki viturra manna eða góðgjarnna.“

Hreinn og beinn sannleikur

Næsti ritstjóri og eigandi Þjóðólfs, Kristján Ó. Þorgrímsson bóksali, sagði að Þjóðólfur muni „flytja hreinan og beinan sannleika, hver sem í hlut á, og alls ekki fara í manngreinarálit,

því hún (Þjóðólfur) vill heldur fáa vini, sem styrki hana í þessa átt, en marga smjáðrara sem aldrei reynast vel, ef á þarf að halda.“

Kristján hélt ekki lengi út á ritstjóra-stóli, hann selur árið 1882 fyrrnefndum ritstjóra Baldurs, Jóni Ólafssyni, blaðið. Jón var ekkert að skafa utan af hlutunum – kallar Þjóðólf nú islenskt þjóðmenningarblað fyrir fréttir, stjórn-mál, landhagsmál, menntamál, fróðleik, skemtun og ýmislegar ritgjörðir. Jón var ekki lengi ritstjóri Þjóðólfs, hættir árið 1885 og rifjar þá upp helstu mál sem hann hafði barist fyrir. Hann þakkar sér endurskoðun stjórnarskrárinnar, framfarir í bankamálum, kirkjulífi og kirkjulöggjöf. Jón segist hafa keypt blaðið í niðurlægingarástandi fyrir 1200 krónur. „Ég sel hann nú aftur í efnilegra ástandi, en hann hefur nokkurn tíma í verið áðr, fyrir 2.250 kr. Þetta er talandi vottr um viðgang hans og aukna þýðing þessi 3 ár.“



Góð ráð til fréttaritarara

Jón skrifaði síðar margt athyglisvert um starf og stefnu blaðamanna en frá þessum tíma er gaman að vitna í grein sem kom árið 1885, svohljóðandi:

Góð ráð og bendingar fyrir þá, sem skrifa blaðamönnum.

1. Ætli rðu að skrifa blaðamanni nýjung, þá gjörðu það undir eins, meðan hún er ný. Mistu ekki af fyrstu ferð.
2. Þá er eitthvað óvenjulegt eða nýstárlegt ber við, þá ritaðu undir eins um það einhverjum blaðamanni, hvort sem þú þekkir hann eða ekki. Það getr einatt verið mýmörgum áriðandi eða áhugamál að fá fregnina sem fyrst.
3. Gullin regla: Vertu stuttur. Með því spararðu tíma sjálfum þér, blaðamönnum og lesendum. Skrifðu atvikin skýrt og skilmerkilega, en forðastu allt orðaglamr.
4. Skrifðu svo læsilega, sem þér er unt; það er ekkert undir því komið að hafa sem flesta hringa eða halarófur á stöfunum; en hitt er áriðandi, að það megi komast

fram úr því sem skrifað er, einkum nöfnum og tölum.

5. Ef þú ert ekki sterkr í réttitritun, þá skrifaðu svo, að vænt bil sé á milli lína (svo hægt sé að leiðrétta handritið).
6. Ef eitthvað misritast, þá skrifaðu ekki ofan í orðið aftr, en strykja þú út það sem skakt er, og skrifaðu það rétta fyrir ofan eða út á spássíuna.
7. Ágætt er það, ef menn vilja svo vel gjöra, að rita ekki nema öðru megin á pappírinn. Það er mikill kostur fyrir prentsmiðjurnar.
8. Settu nafnið þitt undir. Ef ekkert er persónulegt í greininni, þá þarf það ekki að koma út í blaðinu frammar en þú sjálf óskar. En ritstjórinn verður að vita það. Hann leynir því, ef það er áskilið.

Menntaskóli alþýðu

Í grein sem Matthías Jochumsson skrifar í Þjóðólf árið 1886 segir hann það sannfæringu sína „... að blöð vor sjeu á stöðugum framfaravegi hvað efnismeðferð snertir, samkvæmt skyldu blaðamanna ... Blöð verða æ meiri og stærri uppeldis- og menntaskóli alþýðu ... En allt of sjaldan eygir maður hinn sanna og rjetta frelsis- og manndómsanda.“

Spegill tímans

Árið 1887 flytur Þjóðólfur allanga grein undir fyrirsögninni Blöð og flokksföngjar í Höfn. Höfundur segir að blöð þar skiptist í vinstri og hægri blöð. „Flokkar og flokksföngjar berjast í þeim eins og á vígvelli, sem er svo aðgengilegur að allir geta horft á leikinn. Kröfur og þarfir, skoðanir og hugsanir tímans birtast í þeim. Þau eru spegill tímans ...“

Gef Rússlandi málfrelsi ...

Þjóðólfur hefur árið 1891 eftir sænskum presti að „hið fyrsta, helsta og göfugasta skilyrði fyrir hamingju hverrar þjóðar er hið frjálsa orð í ræðu og riti, fullkomið málfrelsi. Gef Rússlandi fullkomið málfrelsi og það mun taka stakkaskiptum af sjálfu sjer byltingalaust. En tak frá Ameríku fundafrelsi,

málfrelsi og prentfrelsi hennar, og hún mun þá eigi eptir á vera Amerika, nema að nafninu. Það er málfrelsið, sem hefur gjört Þjóð Ameríku að hinni voldugustu þjóð í heimi.“

Menningarmeðal

Hannes Þorsteinsson, bókavörður, sem tók við ritstjórn Þjóðólfs árið 1892 reyndist dugandi ritstjóri og harðsnúinn pólitikus. Hann skrifar árið 1892:

„Sérhver skilvís kaupandi leggur fram sinn skerf til þess verks, sem blöðunum er ætlað að vinna, en það er að efla menntun, framfarir og menningu þjóðfélagsins í heild sinni. Stefnuföst, fræðandi og skemmtandi blöð eru einhver hin bezta eign hverrar þjóðar; þau eru hin handhæguustu, auðfengnustu og ódýrustu menningarmeðul, er alþýða manna á vól á, enda geta þau haft margháttuð og mjög svo þýðingarmikil áhrif á hugsunarhátt hennar ...“

Ritstjórinn segir einnig að Þjóðólfr ætli sér „hvorki að verða stjórnarblað né apturhaldsblað, heldur þjóðlegt, stefnufast framsóknarblað, bæði í stjórnámálum og öðru ... vér munum láta stefnu blaðsins eindregið ganga í þá átt, að þjóð vor losni meir og meir undan yfirráðum dönsku stjórnarinnar og fái að lokum innlenda stjórn.“

Vítum ósóma

Fimm árum síðar, 1897, hefur viku-blöðum fjölgað allmikið og talsverð samkeppni um lesendur. Hannes skrifar þá í nýárs pistli 1897: „Allar skyndilegar gorkúlur, vöxtur eða óeðlilegur vindbelgingur stendur aldrei til langframa. Það er eigi einhlítt til að skapa góð og nytsöm blöð, að pappirinn í þeim sé nógu mikill og orðin mörg ...“

Ári síðar ritar Hannes langa grein um Þjóðólfr fimmtugan og segir þá m.a. að Þjóðólfr hafi jafnan „átt fremur vinsældum að fagna meðal landsmanna, af því að það (blaðið) hafi aldrei gerst gólfpurka óviðkomandi manna, né látið hina og þessa leppalúða hafa sig í vösunum til að stinga sannleiksást og frjálslyndi svefnþörn ... Heiðarleg blaðamennska ... er eigi fólgin í því að

vera eins og lamb, sem til slátrunar er leitt og varast að stíga á það strá er móðgað geti nokkurn mann, heldur er hún fólgin í því, að víta með alvarlegum orðum hvern þann ósóma, er teygir höfuðið upp úr moldinni, annaðhvort hjá þjóðfélaginu í heild sinni eða hjá einstökum mönnum ...“



ÍSAFOLD ...

Blöðin góð og hentug brjefskipti Ísafold hóf göngu sína þjóðhátíðarárið 1874. Útgefandi og ábyrgðarmaður var Björn Jónsson cand. phil þá 28 ára gamall. Björn segir í leiðara 1. tölublaðs að þúsund ára afmæli þjóðarinnar hafi verið mikill gaumur gefinn erlendis og „Íslendingar sjálfir fagnað þessum viðburði sem bezta vér kunnum, og höfum fóng til, og hvert mannsbarn vor á meðal notið afmælisgleðinnar með fjöri og áhuga ... En þótt andinn sje reiðubúinn, er holdið veikt. Það fýsir jafnan í hið gamla flet ómennsku og áhugalessis, og ofurselur sig í ánauðaroki eigingirni, sundurlyndis og tortryggni.“

Björn skorar á bestu menn landsins að láta þjóðina heyra raddir sínar, „hvetja lýðinn og örva til atorku og manndáðar, og leggja á ráðin til þess að framkvæmdin beri sem bezta ávexti.“

„Á þessu strjálbyggða og torfæra landi,“ heldur Björn áfram, „eru brjefskipti að kalla eina ráðið til þess að geta talast við. Nú eru blöðin, sem svo eru nefnd, einkar góð og hentug brjefskipti. Þau eru eins konar opin brjef, ekki frá kanseliinu, heldur frá þjóðinni og til þjóðarinnar, „frá öllum til allra“.

ÍSAFOLD á að verða þjóðblað í þeim skilningi, er nú bentum vjer á, ekki einungis blað fyrir þjóðina, heldur og frá þjóðinni, orðsending frá þeim mönnum meðal hennar, sem

bezta eru færir um og finna hjá sjer hvöt til að leggja löndum sínum holl ráð og fræða þá um það sem þeim er þarflegt að vita, einkum í þeim efnum, er lúta að verklegum framförum þjóðarinnar, eða þá að skemmta mönnum á fallegan hátt ...“

Of fáir nytta blöðin

Árið 1876 tekur ritstjórinn undir umkvörtun Þjóðólfs hve fáir hér sunnanlands verði til að styðja blöð sín og blaðamenn með því að senda þeim fréttabréf og annað blaðamál og sé mikill munur á því og fyrir norðan. Blaðið segir síðan:

„Þessa umkvörtun getum vjer og tekið undir, eptir vora stuttu reynslu. Ímyndum vjer oss að vísu, að það sje fremur að kenna hugsunarleysi en viljaleysi, að svo fáum verði að vegi að senda blöðunum línu um það sem við ber í kringum þá, og neyðast þau svo opt til að fara eptir óáreiðanlegum flugufregnum. Eins er um annað blaðamál, t.a.m. hugvekjur og bendingar handa almenningi, um sitt hvað er betur mætti fara eða til bóta horfir ...“

Í hinni fyrstu bræði!

Árið 1881 fjallar Ísafold um ritdóma í blöðum og kvartar undan því að rithöfundar sem fái aðfinnslur í ritdómum telji sér skylt að svara fyrir sig í löngu máli og krefjist þess að fá inni í næsta blaði og „þótt varnargreinin sje samin í hinni fyrstu bræði og hafi, ef til vill, inni að halda getsakir, sjer í lagi um einhvern illgjarnan tilgang eða óhreinar hvatir ritdómarans, þá má engu breyta. Þetta lýsir bernsku hjá höfundum vorum ...“

Blaðið segist ætla að hætta að birta andsvör „nema þá í aukablaði sem höfundurinn þá verður að kosta sjálfur að pappir og prentun ...“

Heilræði frá þingmönnum

Árið 1883 skrifa tólf þjóðkjörnir þingmenn heilræði til þjóðar sinnar í Ísafold. Heilræðin ná einnig til blaðanna, hvernig þau eigi að starfa „svo þau sjeu kaupandi og nái tilgangi sínum“:

- 1 Þau eiga að færa í sönnum og greinilegum orðum útlendar og innlendar frjettir.
- 2 Þarfar ritgjörðir um atvinnuvegi innlenda til lands og sjáfar.
- 3 Stutt og vel samin æfiatriði hin helztu merkra manna.
- 4 Þau eiga að benda á með fullri alvörugefni en þó gætni allt það, er miður fer í stjórn landsins, hvort heldur er hjá æðri eða lægri stjórnarvöldum eða þingi og þar á meðal alla vanbrúkun eða óþarfa eyðslu á almanna fje.
- 5 Þau eiga að skýra frá helztu dómsatkvæðum landsyfrrjettarins, og jafnvel flytja dómana með ástæðum í hinum stærri málum, við það glæðist rjettarmálvitund þjóðarinnar.
- 6 Stuttir en gagnorðir og rjettir ritdómar eru og nauðsynlegir í dagblöðum.
- 7 Loksins eiga blöðin að skýra lesendum sínum frá nýjum uppgötvunum, og hafa meðferðis menntandi og fræðandi greinir, sem hægt er að fá úr útlendum blöðum.

Það gefur blöðum gildi í augum heilbrigðrar skynsemi, að þau varist meiðyrði og langar ritdeilur, en svari stutt og skorinort, þegar á þarf að halda; að þau sjeu stefnufoð, er þau hafa fundið sannleikann, í almennum og áriðandi málefnum. Langar ritdeilur, málfræðislegt þras, hgegómleg þakkarávörp, og þráteknar auglýsingar ættu að koma í viðaukablöðum.“ Ekki veit höfundur greinarinnar hversvegna þessi heilræði eru skrifuð, en þau eru ekki skrifuð í valdmannslegum tón, fremur eins og minnisblað ritstjóra sem vill ekki tapa þræðinum í útgáfu blaðsins.

Fjórði liðurinn í ríkisvaldinu eða sá fyrsti?

Ég hefði ekki séð á því tímabili sem er til umfjöllunar hér að rætt sé um blöðin sem fjórða valdið, en Matthías Jochumsson nefndi hér að framan dagblaðavaldið sjötta stórveldi heims. Í grein sem birtist í Ísafold 1888 undir fyrirsögninni Blaða-

mennska á Englandi er rætt um að blöðin séu ekki „fjórði liðurinn í ríkisvaldinu, eins og þau hafa verið kölluð, heldur hinn fyrsti. Það eru blöðin sem stjórna Englandi.“

Hér eru þá komin árið 1888 hugtökin „sjötta stórveldi heims“, „fjórði liðurinn í ríkisvaldinu“ og „fyrsti liðurinn í ríkisvaldinu“.

Snúum okkur þá að meginatriðum greinarinnar:

„Blöðin (þau ensku) fitja upp á hvers konar laganýmælum. Þau rannsaka aðgjörðir stjórnarinnar og hafa gætur á þeim; þau gera margt af því, sem ráðgjafarnir eiga að gera; þau eru kölluð höfuðrannsóknardómari þjóðarinnar, og það er rjettnefni. Blöðin eru nokkurs konar þjóðþing



eða dómping, þar sem öll mál á dag-skrá eru tekin til meðferðar: stjórnarmálefni, siðferði, trú, fegurðartilfinning og hvers konar tízka ...“

Næst er rakið hvernig blöðin hafi breyst úr flokksblöðum yfir í það að vera rekin af fjölskipuðum gróðafélögum – þau hafa hvert sína stefnu en eru alveg sjálfstæð og öðrum óháð.

„Blaðamenn á Englandi eru flestir atkvæðamenn; þeir kunna tók á að ávinna sjeu fullkomið traust lesenda sinna og þeir eru ekki að niðra hver öðrum með lúalegum árásum. Ritstjórar forðast gjörsamlega alla persónulega áreitni hver við annan, og hólmgöngur tíðkast aldrei meðal enskra blaðamanna ... Þau (blöðin) taka allar mikilsverðar framfarahugmyndir til meðferðar og skoða þær frá háleitu og hlutlausu sjónarmiði, gera almenningi hugarhaldið um þær og knýja löggjafana til að framkvæma þær. Það eru blöðin sem Englend-

ingar eiga að þakka afnám korntollsins, verzlunarfrelsið, og hjer um bil öll hin miklu framfaranýmæli vorrar aldar. Róbert Peel sagði það opt og einatt, að með aðstoð blaðanna mætti jafnvel bjóða parlamentinu enska byrginn og enda hrinda því af stóli ...“

Þá eru tekin ýmis dæmi um forystu blaðanna í verklegum málum og jafnvel stríðsrekstri, og sagt að blöðin hafi fyrrum verið fulltrúar almenningsálitisins en stýri því nú.

Meiri háttar ritstjórar í hávegum hafðir

„Á þingi kemur ekki fram nokkurt mál, er eigi hafi verið rætt áður til fullnaðar í blöðunum; þau hafa skoðað það og velt því fyrir sjeu á alla vegu. Ekkert það nýmæli er rætt og samþykkt á þingi er eigi sje ávöxtur af því, sem gróðursett hefur verið í leiðbeiningargreinum stórblaðanna ... Meiri háttar ritstjórar eru í hávegum hafðir af helztu og mestu mönnum landsins. Þeirra ráða er leitað og opt farið eptir þeim ... Blöð hafa takmarkalaust frelsi í Lundúnum; en þau eru líka svo smekkvís og hyggjin, að vanbrúka það ekki. Það er þess vegna varla nokkurn tíma nema ómerkileg blöð, sem verða fyrir lögsókn,“ segir að lokum.

Skrilblaðamennska

Árið 1890 birtir Ísafold all langa grein um skrilblaðamennsku og hefst hún á þessum orðum:

„Leit er á auðvirðilegri gróðaveg en þeim, að gefa út skrilblöð. Því hefir verið jafnað saman við að halda spila-banka eða pútnahús eða selja óvitum og yfirkomnum drykkjumönnum áfenga drykki. Því eins og þeir, sem slíka atvinnu reka, gera sjeu holdlegar ástríður og lesti náungans að gróðaveg, eins reyna skrilblaðastjórar og útgefendur að gera sjeu andlega óknytti manna að fjeþúfu. Þeir lifa á þeim, sem fýsir illt að heyra heldur en gott, sem eru sólgirnir í lastmæli og óhróður um náungann, í agg og þras, í smánar- eða hnjóðsyrði um flest það, er fagurt er og háleitt ...“



Siðareglur

Blaðamannafélags Íslands

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaaðgreiningu, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagn-

rýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærsmål til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- ámælisvert
- alvarlegt
- mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum.

Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vítur á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Samþykkt með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991